



**„Þegar ég kláraði grunnskólann fannst mér bara ekki
nógu fínt að fara beint í verknám“**

Að skipta úr bóknámi yfir í starfsnám

Agnes Braga Bergsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**„Þegar ég kláraði grunnskólann fannst mér bara ekki nógu fint að fara
beint í verknám“**

Að skipta úr bóknámi yfir í starfsnám

Agnes Braga Bergsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf

Leiðbeinandi: Kristjana Stella Blöndal

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Agnes Braga Bergsdóttir

Reykjavík, Ísland 2013

Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar var að fá innsýn í reynslu nemenda sem hafa skipt úr bóknámi í starfsnám í framhaldsskóla. Rannsóknin byggir á viðtölum við átta einstaklinga, fjórar konur og fjóra karla sem skiptu frá bóknámi í starfsnám á framhaldsskólastigi. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að félagsleg tenging þátttakenda við námið, skiptir sköpum um það hvort þeir ílengdust í námi sem þeir höfðu lítinn eða engan áhuga á eða hvort þeir hættu í námi sem þeir hefðu getað klárað og áttu jafnvel lítið eftir af. Dæmi voru um að sum þeirra fyndu sig vel félagslega en áttuðu sig á því þegar félagarnir fóru að útskrifast að þeim hafði lítið orðið ágengt í náminu sjálfu. Þá tóku þau ákvörðun um að breyta um stefnu á námsferlinum. Öðrum gekk ágætlega í náminu sjálfu en eignuðust hvorki féлага né vini og hættu, því þeim var farið að líða verulega illa í skólanum og námsárangur var orðinn slakur. Þátttakendur áttu það sameiginlegt að hafa misst áhuga á náminu þó ástæðurnar hafi verið mismunandi. Niðurstöðurnar styrkja það sem fram hefur komið í fyrri rannsóknum um mikilvægi þess að nemendur velji í samræmi við áhugasvið sitt en sýna jafnframt fram á mikilvægi félagatengsla í náminu. Með niðurstöðum úr rannsókninni vonast ég til að hægt verði að finna leiðir til að bæta líðan nemenda í framhaldsskólum landsins með því að styrkja þá í því að tengjast félagslega við skólann sinn og þá sérstaklega að finna nám við sitt hæfi.

Abstract

The aim of this study was to gain insight into the experiences of students who have changed path in their secondary studies. The study is based on interviews with eight individuals who switched from academic to vocational secondary education. The results show that social connection is crucial to the program participants as to whether they continued in the program in which they had little or no interest or whether they gave up their studies, despite being able to finish them, even if they had little left. Some of them had good social connections but realized, when their schoolmates graduated, that they had not accomplished what they should have. Then they decided to change direction in their studies. Others were quite successful in their studies but had neither partners nor friends at school and began to feel bad in their studies or schools. Participants all started losing interest in their studies at some point for all kinds of reasons. With the results of this study, I hope to be able to find ways to improve the well-being of students in secondary schools by supporting them in connecting socially with their school and to find program that suits them.

Formáli

Þessi rannsókn er 30 ECTS eininga lokaverkefni til meistaraþrófs í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Rannsóknin var unnin með eigindlegri rannsóknaraðferð. Markmið hennar var að fá innsýn í reynslu nemenda sem hafa skipt úr bóknámi yfir í starfs- eða verknám á námsferlinum.

Áhuginn á viðfangsefninu kviknaði smátt og smátt í náminu en einnig hefur þjóðfélagsumræðan um brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum verið mikil á undanförunum misserum. Starfsnám hefur átt undir högg að sækja en mig langaði að skoða hvernig og hvort hægt væri að gera starfs- og verknám áhugaverðara fyrir æsku landsins með því að skoða upplifun þeirra sem hafa skipt um námsleið. Niðurstöðurnar komu mér á óvart að því leyti að ég var ekki að skoða félagatengsl neitt sérstaklega en mikilvægi þeirra koma mjög skýrt fram hjá viðmælendum. Ég vonast til að kennarar og náms- og starfsráðgjafar bæði í grunn- og framhaldsskólum geti nýtt sér þær þegar kemur að því að leiðbeina nemendum við náms- og starfsval.

Rannsóknin var unnin undir handleiðslu Kristjönu Stellu Blöndal og ég færi henni bestu þakkir fyrir góða leiðsögn, stuðning og hvatningu. Elskulegur faðir Óskar Þorgils Guðmundsson og hans ektakvinna Kristín Á. Ólafsdóttir, Gunnhildur Lilja Sigmundsdóttir námsfélagi af Þjóðarbókhlöðunni, Arnbjörg Ösp Matthíasdóttir námsfélagi og vinkona, elskuleg systir mín Guðrún Hjartardóttir, Valgerður Halldórsdóttir og Ásta Bjarney Elíasdóttir vinkonur mínar fá bestu þakkir fyrir yfirlestur á hluta og heild á ýmsum vinnslustigum. Sérstakar þakkir fá María Rúnarsdóttir vinkona mín og Vilhjálmur Þór Sigurjónsson eiginmaður minn fyrir yfirlestur, stuðning og hvatningu frá upphafi til enda. Ekki má gleyma að þakka börnum, foreldrum og tengdforeldrum fyrir þolinmæði og umburðarlyndi á meðan á rannsóknarvinnu stóð. Að lokum vil ég þakka þeim náms- og starfsráðgjöfum sem komu mér í samband við viðmælendur og viðmælendum sjálfum fyrir þátttökuna. Ég tek undir með rússneska uppeldisfræðingnum Vygotsky þegar hann sagði að það þyrfti heilt þorp til að ala upp einstakling (Santrock, 2007), það þarf heilt þorp til að einstaklingur klári rannsókn til meistaraþrófs.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Abstract	4
Formáli	5
Efnisyfirlit.....	6
1 Inngangur.....	7
1.1 Framhaldsskólamenntun á Íslandi að lokinni skólaskyldu.....	8
1.2 Þróun náms- og starfsferils.....	11
1.3 Námsval og brotthvarf	13
1.4 Rannsóknarspurningar	18
2 Aðferð	19
2.1 Þátttakendur.....	19
2.2 Framkvæmd.....	22
2.3 Úrvinnsla gagna	22
3 Niðurstöður	24
3.1 Aðdragandi náms - að velja framhaldsskóla	24
3.1.1 „Þegar ég svona horfi til baka“	24
3.1.2 „Hvort ætlarðu í fjölbrauta- eða menntaskóla?“	26
3.2 Að hverfa frá bóknámi	30
3.2.1 „Meira félagsskapurinn heldur en framfarir í námi“	30
3.3 Að velja starfsnám.....	34
3.3.1 „Ég hafði oft hugsað það að skipta yfir í verknám“	34
3.3.2 „Núna er ég bara mjög ánægð með lífið mitt...með stefnuna sem ég er að taka“	38
4 Umræður.....	41
4.1 Aðdragandi námsskipta og námskiptin	41
4.1.1 Grunnskólaganga.....	42
4.1.2 Námsval	42
4.1.3 Skipt um nám.....	44
4.2 Félagsleg tengsl: Skuldbinding gagnvart náminu	45
Lokaorð	47
Heimildir.....	49
Fylgiskjal 1	52

1 Inngangur

Allt frá árinu 1974 hefur verið tekið fram í íslenskum lögum að allir nemendur skuli hafa tækifæri til að stunda nám við sitt hæfi en samkvæmt skýrslu Forsætisráðuneytisins hefur það þó ekki gengið eftir. Vísbendingar eru um að helmingur íslenskra ungmenna sem voru að hefja nám í framhaldsskóla árið 2007, hafi haft meiri áhuga á verklegum greinum en bóklegum í grunnskóla. Þó valdi aðeins um 14% þeirra starfsnám í framhaldsskóla (Forsætisráðuneytið, 2012). Rannsóknir erlendis benda til þess að óákveðni í námsvali auki líkurnar á flakki á milli námsbrauta sem er líklegt til að auka brotthvarf (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2000). Þá er brotthvarf frá námi á framhaldsskólastigi algengara á Íslandi í samanburði við hin Norðurlöndin (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012; Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Tannhauser, A-C, 2011;).

Rannsóknir á þessu sviði hafa til að mynda beinst að nemendum sem hafa snúið aftur til náms, skilum á milli skólastiga, námsferli, námsgengi og námsvali. Niðurstöður hafa meðal annars leitt í ljós það að margir nemendur eru ekki að velja eftir áhugasviði sínu, eru óákveðnir í námsvali sínu, vilja halda námsmöguleikum opnum og velja frekar bóknám þar sem meiri virðing er borin fyrir því í samfélaginu heldur en starfs- eða verknámi. Mikilvægt er að nemendur séu vel upplýstir um þær námsleiðir sem eru í boði. Einnig hefur komið fram að nemendur snúa aftur til náms á framhaldsskólastigi því hvatinn til að taka stúdentspróf er mikill frá samfélaginu, þeir hafa öðlast aukinn þroska og telja sig eiga kost á betri störfum og kjörum með meiri menntun. Margvíslegar ástæður eru fyrir því þess að íslenskir nemendur hafa horfið frá námi, í gegnum tíðina. Má þar nefna samspil skólakerfisins og samfélagsins en einnig hefur peningaskortur og auðvelt aðgengi að atvinnu verið nefnt sem dæmi (Ágústa Björnsdóttir, 2008; Eydís Katla Guðmundsdóttir, 2012; Forsætisráðuneytið, 2012; Gerður G. Óskarsdóttir, 2012; Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2000; Hulda Karen Ólafsdóttir, 2012; Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 1991; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Markmiðið með þessari rannsókn var að fá innsýn í upplifun einstaklinga sem hafa skipt úr bóknámi í starfsnám á framhaldsskólastigi en þátttakendur í rannsókninni höfðu allir skipt frá bóknámi yfir í starfsnám. Með rannsókninni vonast ég til að geta varpað ljósi á hvaða þættir í lífi nemenda hafa áhrif á val þeirra þegar þeir ljúka 10. bekk og hvað veldur því að þeir hætta í náminu. Ég tel mikilvægt að skoða hvaða helstu ástæður og áhrifavaldar stýra upphaflegu námsvali nemenda og hvað verður til þess að þeir skipta um skoðun og breyta um

námsleið. Einnig tel ég mikilvægt að skoða hvað hefur áhrif á val þeirra á starfsnámi og hvaða áhrif námsskiptin sem slík hafa á þá. Námsskipti hafa ekki verið rannsökuð mikið áður á Íslandi þótt áhugi rannsakenda hafi beinst að námsvali og ástæðum að baki þess (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2000). Ástæðurnar fyrir því að þetta viðfangsefni varð fyrir valinu eru að verknám eða starfsnám hefur átt undir högg að sækja á Íslandi þrátt fyrir að það skorti fólk til starfa í iðngreinum og þrátt fyrir að margt bendi til þess að nemendur hafi meiri áhuga á verklegum greinum en bóklegum í grunnskóla. Mögulegt er að nemendur láti valið stjórnast af einhverju öðru en eigin áhuga. Skyggst er inn í reynslu nemenda með eigindlegum rannsóknaraðferðum. Ég vonast til að rannsóknarniðurstöður geti gefið vísbendingar um hvernig hægt er að gera starfsmenntun eftirsóknarverðari kost í augum nemenda en raunin er í dag, þannig að hvetja megi nemendur til að velja námsleið í samræmi við áhuga og draga þannig úr brotthvarfi frá námi.

1.1 Framhaldsskólamenntun á Íslandi að lokinni skólaskyldu

Til að gera betur grein fyrir stöðu starfsmenntunar á Íslandi í dag verður stiklað á stóru yfir þróun framhaldsskólamenntunar og þá sérstaklega starfsmenntunar. Iðnfræðsla eða menntun til starfa í iðnaði var forveri þess sem síðar hefur verið kallað starfsmenntun. Í dag á hugtakið meira við menntun til starfs almennt. Fleiri hugtök hafa verið í notkun á hverjum tíma eins og til dæmis *iðnmenntun*, *verkmenntun* og *verknám* (Gestur Guðmundsson, 1993). Hér verður notast við hugtakið starfsnám yfir allt nám á framhaldsskólastigi sem leiðir til starfs.

Iðnaðarmönnum fór að fjölga á Íslandi í kringum miðja 19. öld en á þessum tíma fóru iðnaðarmenn gjarnan til Danmerkur til að læra iðn sína (Gestur Guðmundsson, 1993). Árið 1904 var Iðnskólinn í Reykjavík stofnaður utan um starfsemi iðnmennta. Menntaskólarnir og héraðsskólarnir voru felldir inn í skólakerfið með fræðslulögunum 1946 og var landsprófið þá tekið upp sem inntökupróf. Almennar gagnfræðadeildir voru einnig efldar og starfsnámsbrautum komið upp innan þeirra (Gestur Guðmundsson, 1993). Hugmyndin var meðal annars að starfsnámsbrautirnar yrðu skjól þeim sem gæfust upp á landsprófinu eða tækifæri fyrir þá sem hefðu meiri áhuga á verknámi heldur en bóknámi (Gestur Guðmundsson, 1993; Helgi Skúli Kjartansson, 2008). Þetta skýrir að ákveðnu leyti viðhorf nemenda og jafnvel samfélagsins í heild til verknáms í dag.

Upp úr 1960 fóru þær hugmyndir að ryðja sér til rúms á Vesturlöndum að menntun verkafólks væri lykillinn að hagvexti og trygging fyrir því að þjóðfélagið drægist ekki aftur úr öðrum. Með nýrri iðnfræðslulöggjöf árið 1966 átti að taka upp eins árs grunnnám í öllum helstu iðngreinum til að tryggja áframhaldandi hagvöxt. Árið 1971 voru lagðar til

stefnumörkunar hugmyndir um að allt iðn- og verknám á framhalds- og háskólastigi yrði í umsjón ríkisrekinnna skóla, undir stjórn menntamálaráðuneytisins. Hugmyndin var sú að grunnmenntun væri breið, framhaldsmenntun sérhæfð og endurmenntun væri leið til að bæta við fyrri menntun eða færa sig um set. Helsti vandinn á þessu tímabili frá 1950 var að tækniþróunin í hverri iðngrein var svo ör að líklegt var að kunnátta lærlings úreltist mjög hratt (Gestur Guðmundsson, 1993). Á sama tíma efndu gagnfræðaskólarnir til starfsnáms sem ekki taldist til verknámsdeilda eins og vélritunarnám og bókfærslunám sem hugsað var sérstaklega fyrir stúlkur (Helgi Skúli Kjartansson, 2008). Þrátt fyrir mikla fjölgun á vinnumarkaði frá stríðslokum fram á áttunda áratuginn, með tilkomu kvenna og fólks úr sveitum, var um þriðjungur vinnuafls í iðnaði með formlega menntun (Gestur Guðmundsson, 1993).

Á tímabilinu frá 1960 - 1975 varð aukin eftirsókn í almennt bóknám og tala nýstúdentna fimmfaldaðist en á sama tíma stóð fjöldi nýútskrifaðra iðnsveina í stað. Fram til 1970 útskrifuðust færri nýstúdentar en nýsveinar ár hvert en eftir það fór nýstúdentum fjölgandi og bilið jókst stöðugt eftir það. Hlutfall þeirra sem hefja nám í framhaldsskólum jókst úr 68% veturinn 1982 - 1983 í 82% veturinn 1991 - 1992 (Gestur Guðmundsson, 1993). Haustið 2011 hófu 95% þeirra sem kláruðu grunnskóla nám í framhaldsskólum (Forsætisráðuneytið, 2012). Þróunin sýnir stöðuga aukningu nemenda í bóknámi umfram starfsnám.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti tók til starfa árið 1975 fyrstur fjölbrautaskóla. Frá miðjum 8. áratug síðustu aldar tengdust breytingar á framhaldsskólunum hvorki skýrum uppeldishugmyndum eða eðli almennrar menntunar, né heldur útfærðum hugmyndum um þá hæfni sem starfmenntun á framhaldsskólastigi átti að mæta. Almennar greinar fengu aukið vægi þegar starfsmenntun var felld inn í fjölbrautarkerfið en þannig áttu iðnnemar að eiga auðveldara með að bæta við sig námi og hafa greiðari aðgang að háskólanámi (Gestur Guðmundsson, 1993). Enn á ný mátti sjá áherslu á bóknám og almennar greinar umfram verknámsgreinar og áherslu á þróun iðnnemenda í átt til frekara bóknáms.

Það var ekki fyrr en snemma á áttunda áratugnum sem orðið framhaldsskóli var notað sem samheiti yfir skólana að loknu skyldunámi. Árið 1983 var hafist handa við að semja nýtt frumvarp sem varð að lögum 1988 sem staðfesti í raun þá þróun sem hafði orðið á tímabilinu 1975-1988 en á því tímabili voru stofnaðir tólf fjölbrautaskólar sem allir nema Fjölbrautaskólinn í Breiðholti áttu sér fyrirrennara í eldri skólum. Meðfram fjölbrautaskólakerfinu voru starfræktir atvinnutengdir skólar með mismikla tengingu við fjölbrautakerfið. Til dæmis þurfti að ljúka tveggja ára námi í framhaldsskóla til að geta sótt

um í Fiskvinnsluskólanum eða Fósturskólanum (Gestur Guðmundsson, 1993, Jón Torfi Jónasson, 2008).

Frá því á áttunda áratugnum hefur verið unnið að því að fá samfellu í íslenskt skólakerfi. Þróunin hefur orðið sú að um það bil 30 framhaldsskólar eru starfandi á Íslandi en þeir starfa eftir þrem megin leiðum. Fyrst má nefna menntaskóla með bekkjakerfi en þeir eru elsta fyrirkomulag skólalahalds á þessu stigi á Íslandi. Síðan eru það iðn- og starfsmenntaskólar en þeir hafa þróast frá ofanverðri 19. öld eins og áður hefur komið fram. Að lokum eru það fjölbrautaskólarnir en þeir bjóða að jafnaði bæði upp á bóklegt nám og starfsnám (Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anne-Christin Tannhauser, 2011). Í dag bjóða íslenskir framhaldsskólar upp á um það bil 100 tegundir námsbrauta, þar af 87 starfsnámsbrautir. Námsbrautirnar eru mismunandi að inntaki og lengd og leiðir til frekara náms eru mögulegar af öllum námsbrautum því nemendur hafa kost á að nýta einingar á milli námsbrauta. Alla jafna hefja um 90% - 95% íslenskra ungmenna nám í framhaldsskóla eftir skyldunám á grunnskólastigi og útskrifast meirihluti af bóknámsbrautum með almennt stúdentspróf (Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anne-Christin Tannhauser, 2011; Forsætisráðuneytið, 2012). Þegar skráning nemenda í íslenskum framhaldsskólum er skoðuð kemur í ljós að meirihluti er skráður í bóknám en samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands (2013) yfir fjölda nemenda í íslenskum framhaldsskólum haustið 2011 voru 67% nemenda skráðir í bóknám en 33% í einhvers konar starfsnám. Á þessu má sjá að íslensk stjórnvöld hafa leitast við að byggja upp starfsnám á undanförunum áratugum en árangurinn er ekki eins og vænta mætti því enn er aðsóknin í bóknám langt umfram aðsókn í starfsnám.

Íslensk stjórnvöld hafa það á stefnuskrá sinni að bæta menntun á öllum skólastigum, meðal annars menntun kennara og fullorðinsfræðslu. Íslenskt menntakerfi hefur marga styrkleika sem hægt er að byggja á til að efla það enn frekar og draga úr brotthvarfi. Þar má nefna að íslenskir nemendur eru fyrir ofan meðaltal þegar kemur að lestri og stærðfræði og hafa því góðan grunn til að byggja á (OECD, 2012). Íslenska skólakerfið hefur marga styrkleika sem hægt er að vinna með þannig að hér sé hægt að byggja upp öflugt framhaldsskólanám sem hentar öllum nemendum. Helstu hindranir felast meðal annars í íslensku samfélagi þar sem rík hefð er fyrir atvinnuþátttöku ungs fólks sem á jafnframt auðvelt með að snúa aftur til náms eftir hlé á skólagöngu. Þessir þættir geta leitt til aukins brotthvarfs eins og kemur fram í skýrslu OECD (september, 2011).

1.2 Þróun náms- og starfsferils

Þegar kemur að því í lífi hversrar manneskju að velja sér nám þarf viðkomandi að hafa gert sér grein fyrir gildum sínum, markmiðum og síðast en ekki síst áhugasviði. Samkvæmt kenningum Piaget er það ekki fyrr en á unglingsaldri sem hugur manneskjunnar öðlast færni til að leita úrlausna og skipuleggja. Smátt og smátt eykst svo færnin til að sjá fyrir sér framtíð og máta sig við hugmyndir um störf (Ennis, 1982).

Til þess að öðlast skilning á náms- og starfsferilsþróun ungmenna er við hæfi að líta á starfsferilsþróunarkenningar sem snúa að ungu fólki. Super (1990) er einn af þeim kennismíðum hafa fengist við að útskýra þróun náms- og starfsferils út lífið. Hann heldur því fram að á aldrinum 8 til 11 ára þróist hugmyndir um hugsanleg störf en frá 11 ára aukist vitundin um hæfni sem þau fara gjarnan að rækta á einn eða annan hátt. Á unglingsaldri þróa einstaklingar með sér gildi og viðhorf til tilverunnar en í kringum 18 ára aldur hafa þau mótast að mestu leyti.

Gottfredson (2005) hefur skoðað þróun náms- og starfsferils með tilliti til menningarlegs bakgrunns og kyns og sett það meðal annars í samhengi við kenningar Supers (1990). Hún segir að ekki sé beint hægt að veita börnum ráðgjöf um náms- og starfsferil heldur er frekar hægt að veita þeim upplýsingar um nám og störf. Þau geri sér þó ekki endilega grein fyrir að hafa meðtekið upplýsingarnar fyrr en jafnvel á unglingsárum.

Bæði Gottfredson (2005) og Super (1990) skoða náms- og starfsval einstaklinga sem ævilangt ferli (*e.life long learning*) og lífshlaupskenningar þeirra (*e.life span theories*) miða jafnt að börnum, ungmennum og fullorðnum. Gottfredson (2005) horfir sérstaklega á hvernig einstaklingurinn mátar sig við þær fyrirmyndir og þá þekkingu sem er til staðar í nærsamfélaginu. Erfðir og umhverfi hafa hvort um sig og saman áhrif á það hvernig persónuleikinn og þekkingin þróast hjá hverjum og einum í átt til ákvörðunar um nám og starf (Sharf, 2010; Isaacson & Brown, 2000). Starfsþróunarkenningar þeirra beggja um sjálfssköpun, afmörkun og málamiðlun, skoða æskuna og hvaða áhrif hún hefur á einstaklinginn. Þau telja samspil erfða og umhverfis skipta máli fyrir náms- og starfsval. Super skiptir ferli einstaklingsins í fimm þroskastig eftir aldri. Kenningar hans sýna hvernig börn og ungmenni öðlast smám saman færni í að taka ákvarðanir um framtíð sína með því að afla upplýsinga og kanna, átta sig á áhuga sínum, máta sig við nútíð og framtíð en einnig við fyrirmyndir (Sharf, 2010; Super, 1990).

Fyrsta lífsskeiðið kallar Super (1990) vaxtastig (*e. growth*) og það nær yfir aldurinn 0-14 ára en á því skeiði skapast sjálfsmýndin (*e. self-concept*). Hann telur mikilvægt að einstaklingar fari í sjálfsskoðun, læri að hlusta á sig og læri að stjórna sér. Þannig að þegar

fólk hefur teiknað upp sína sjálfsmynd og lært að skilja hana betur eigi það auðveldara með að þróa hana yfir á nám og störf. Sjálfskoðunin gerir einstaklingunum kleift að skilja sjálfa sig betur (Sharf, 2010; Super, 1990). Sjálfsmyndin eða sjálfsvitundin kemur einnig við sögu í kenningu Lindu Gottfredson en samkvæmt henni þróast áhugi og skilningur ungra barna á sjálfum sér og störfum í því umhverfi sem þau alast upp í. Hún leggur áherslu á þróun sjálfsvitundar (*e.self-concept*) eins og Super en í kenningu sinni vísar hún í það hvernig einstaklingar sjá sig bæði inn á við og í samanburði við annað fólk (Gottfredson, 2002; Sharf, 2010).

Kenning Gottfredson (2002) felur í sér fjögur lykilhugtök en það eru vitsmunafroski (*e.cognitive growth*), sjálfsköpun (*e.self-creation*) sem eru áhrif erfða og sibreytilegs umhverfi, afmörkun (*e.circumscription*) og málamiðlun (*e.compromise*). Grunnatriði kenningarinnar er að einstaklingurinn þekki sjálfan sig en einstaklingar þurfa stöðugt að takast á við umhverfi sitt, menningu, samkeppni og starfsumhverfi. Margir ólíkir áhrifaþættir geta leitt til þess að einstaklingar fresta því að velja það sem þeir raunverulega vilja og velja þess í stað óígrundað, til dæmis það sama og vinkonur eða vinir. Hún telur einnig að þróun vitsmunafroska (*e.cognitive growth*) hafi áhrif á náms- og starfsval. Börn á sama aldri búa yfir mismunandi greind og þroska sem hefur áhrif á það sem þau velja í framtíðinni, en einstaklingarnir mótast hver í sínu umhverfi. Hugmyndir einstaklinga um störf eru fyrirfram mótaðar. Kyn, greind og áhugi eru að mati Gottfredson helstu áhrifavaldar þegar kemur að vali á námi og störfum en einnig það hve mikið einstaklingar eru tilbúnir að leggja á sig fyrir störf því þróun hjá hverjum einstaklingi er einstök. Börn þróa með sér hugmyndir af heimi starfa en þær eru svipaðar hjá þeim sem alast upp í svipuðu umhverfi en sjálfsvitundin er einstök hjá hverju og einu barni. Áhrif foreldra á vitsmunalega hæfni einstaklingsins minnkar eftir því sem hann eldist (Gottfredson, 2002; Sharf, 2010).

Með aldrinum verða einstaklingar virkari í að velja sjálfir og skilja hvað þeir eru að velja. Afmörkun Gottfredson (*e.circumscription*) skiptist í fjögur stig. Fyrstu tvö, stærð og völd (*e.size and power*), eiga við um 3-5 ára börn en á þeim aldri geta börn gert sér grein fyrir því að heimurinn sé fullur af eldri börnum og fullorðnum og fara að átta sig á muni í milli kynja. Kynjahlutverk (*e.gender differences*) á við um næsta stig eða 6-8 ára börn. Þá gera þau sér grein fyrir kynjamuninum og taka eftir því að fólk gegnir mismunandi hlutverkum á heimilinu, í störfum og í samfélaginu. Þriðja stigið er gildi samfélagsins (*e.social values*) en það á við um 9-13 ára börn. Á þeim aldri byrja börn að hugsa óhlutbundið og fara að átta sig á ýmsum gildum í samfélaginu, til dæmis hvað þykir fint og hvað ekki og bera sig saman við jafnaldra sína. Þau fara að velja því fyrir sér hvað aðrir hugsa um þau, hvernig fólk klæðist og

hvernig fólk býr og læra að flokka eftir virðingarstiga þjóðfélagsins. Á þessu stigi byrja þau einnig að velja og hafna og geta sagt hvað þau langar að gera og að það samræmist þeim gildum sem þau vilja lifa eftir. Að lokum er það svo hið innra sjálf (*e.internal unique self*) sem á við 14 ára og eldri. Þá eru það innri þættir eins og áhugi sem stýra starfsvali en þá verður ákveðið samræmi á milli sjálfsvitundar og starfsvals (Sharf, 2010).

Holland heldur því fram að persónuleiki einstaklingsins sé helsti áhrifaþátturinn í því hvernig hann velur sér störf. Einnig vildi hann meina að áhugasviðskannanir væru í raun persónuleikakannanir. Einstaklingar þróa með sér sýn á störf sem hefur sálræna tilvísun en sú sýn hefur úrslitaáhrif þegar kemur að náms- og starfsvali. Sjálfsmynd einstaklings, draumar hans og markmið móta væntingar um störf í framtíðinni. Til að einstaklingur sé ánægður í starfi er nauðsynlegt að hann fái tækifæri til að uppfylla persónulegar væntingar sínar en þannig skilar hann einnig sínu til samfélagsins (Holland, 1966; Isaacson og Brown, 2000).

Með kenningu sinni um skipulagða tilviljun (*e.planned happenstance learning theory*) leitast John D. Krumboltz (2009) við að skilja hvað það er sem hefur áhrif á örlög fólks og þá ekki síst náms- og starfsferil þess. Til þess beinir hann sjónum sínum sérstaklega að áhrifavöldunum. Kenningin snýst um það að allskyns skipulagðar og óvæntar upplifanir og aðstæður einstaklingsins móta viðhorf hans og hæfni þegar kemur að því að feta náms- og starfsferil. Allar manneskjur sem einstaklingur hittir frá blautu barnsbeini hafa á einn eða annan hátt áhrif á líf viðkomandi, þar með talið á viðhorf og skoðanir, þætti sem einstaklingur nýtir sér við ákvarðanatöku um næstu skref á námsferli sínum. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að kenna ráðþegum að sjá hið óvænt sem nýja möguleika eða ný tækifæri (Krumboltz, 2009).

1.3 Námsval og brotthvarf

Brotthvarf á Íslandi þykir óvenjuhátt í alþjóðlegum samanburði en um þriðjungur Íslendinga hefur ekki lokið menntun á framhaldsskólastigi (Forsætisráðuneytið, 2012). Fá ríkja innan OECD samstarfsins eru með jafn langan námstíma í grunn- og framhaldsskólum og Ísland. Sem dæmi má nefna að einungis Ísland gerir ráð fyrir að nemendur ljúki framhaldsskólanámi á tuttúasta aldursári (OECD, september 2011).

Samkvæmt skýrslu OECD (2011) luku einungis 45% íslenskra nemenda námi á áætluðum meðalnámstíma á meðan meðaltalið í OECD ríkjunum er 68%. Skýrslan gefur til kynna að um 30% Íslendinga á aldrinum 25-34 ára hafi ekki lokið námi á framhaldsskólastigi en um 35% á aldrinum 25-64 ára. Ísland er þar í sjötta sæti á eftir Spáni, Portúgal, Brasilíu, Mexíkó og Tyrklandi. Af þeim nemendum sem skráðir voru sem nýnemar í dagskóla haustið

2003 voru 62% brautskráðir sjö árum síðar. Brotthvarf var 28% en 10% voru enn í námi sjö árum síðar.

Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002) gerðu rannsókn á árganginum sem fæddur er 1975. Niðurstöður sýndu að tæplega 43% hafði ekki útskrifast úr framhaldsskóla við 24 ára aldur, 46% höfðu lokið stúdentsprófi og 11% prófi í verkgreinum. Helstu ástæðurnar fyrir brotthvarfi frá námi eru að mati nemenda starfshættir skólanna, námsleiði og áhugaleysi. Skýringar eins og lítið atvinnuleysi og peningaskortur hafa verið nefndar sem ástæður fyrir brotthvarfi en einnig má nefna að meiri virðing fyrir bóknámi en verknámi hefur orðið til að þess að nemendur hafa sótt í bóknám án þess að hafa nægilegan áhuga á efninu. Þegar árgangurinn sem er fæddur er 1975 stóð frammi fyrir því að velja sér framhaldsskóla fóru 66% nemenda í sinn hverfisskóla. Nemendur úti á landi höfðu þá minna val um framhaldsskóla en herra hlutfall þeirra en nemenda á höfuðborgarsvæðinu voru sáttir við val sitt á framhaldsskóla. 80% nemenda á landsbyggðinni fóru í sína hverfisskóla/heimaskóla en 52% nemenda á höfuðborgarsvæðinu. Rúmlega þriðjungur nemenda í rannsókninni sögðu staðsetningu skólans vera meginástæðuna fyrir valinu en einnig voru virðing skólans, vinir og námið sem var í boði, nefnd sem ástæður. Rúmlega þriðjungur nemenda í árganginum hafði skipt um námsleið í framhaldsskóla en um helmingur þeirra sem lokið höfðu verknámi höfðu skipt um námsleið í framhaldsskóla. Langalgengasta ástæðan sem nefnd var fyrir því að skipta um námsleið var breytt áhugsvið en um það bil helmingur nemenda nefndi það. 13% nemenda sögðust hafa skipt yfir á braut sem þeir töldu betri undirbúning fyrir starf en 10% sögðu að sér hefði leiðst viðfangsefni gömlu brautarinnar.

Rannsóknir benda til þess að nemendur velji ekki námsleið í samræmi við áhugasvið sitt en lítið hefur verið lagt upp úr því að greina hvernig hægt sé að nýta áhugasvið, styrkleika og færni nemenda til að vísa þeim inn á námsleiðir sem gætu aukið líkurnar á skuldbindingu þeirra gagnvart eigin námi (Forsætisráðuneytið, 2012).

Miðað við hátt hlutfall brotthvarfs í hverjum árgangi telur Gerður G. Óskarsdóttir (2012) nemendur vera með óraunhæfar væntingar til námsframvindu á skilum grunn- og framhaldsskóla. Á hinn bóginn telur Svanfríður Jónasdóttir (2006) að þegar lítið er á brotthvarfstölur megi álykta sem svo að skólakerfið mæti ekki þörfum allra sem eru að klára grunnskóla.

Norsk rannsókn sem gerð var meðal framhaldsskólanema í Austur-Noregi (Markussen & Sandberg, 2004; 2005) sýndi að ákveðnir hópar nemenda voru líklegastir til að skipta um námsleið eftir að nám var hafið. Nemendur sem hafa alist upp með einu foreldri og eiga sögu um slakt námsgengi og nemendur sem höfðu valið starfsnám voru líklegri til að breyta um

námsleið. Helmingi fleiri þeirra sem ekki komust í það nám sem þeir völdu í fyrsta til þriðja val, umfram þá sem komust í það nám sem þeir helst kusu, skiptu um námsleið.

Sú hugmynd að nemendur taki upplýsta og vel ígrundaða ákvörðun um nám sitt og framtíð með aðstoð náms- og starfsráðgjafa hefur verið ríkjandi í vestrænum samfélögum (Kuijpers, Meijers og Gundy, 2011). Með auknu upplýsingastreymi, fleiri möguleikum í atvinnu og auknu námsframboði hefur orðið stöðugt erfiðara að spá fyrir um náms- og starfsferil fólks. Þar að auki verður erfiðara fyrir fólk að taka farsæla ákvörðun um náms- og starfsferil sinn (Mitchell, Levin & Krumboltz, 1999).

Guðbjörg Vilhjálmisdóttir (2000) gerði rannsókn þar sem metinn var árangur af náms- og starfsfræðslu í 10. bekk. 297 ungmenni tóku þátt í rannsókninni eða 156 piltar og 141 stúlka úr 15 grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Spurningalistar voru lagðir fyrir nemendur að hausti áður en náms- og starfsfræðsla fór fram og svo aftur að fræðslu lokinni um vorið. Spurningalistarnir voru einnig lagðir fyrir samanburðarhóp sem ekki fékk náms- og starfsfræðslu. Fram kom meðal annars í niðurstöðum rannsóknarinnar að allir þátttakendur voru vissir og ánægðir með námsval sitt en einnig að náms- og starfsfræðsla skilar árangri. Einnig kom fram að einkunnir höfðu afgerandi áhrif á námsval. Guðbjörg lýsir yfir áhyggjum sínum af því að um 26% nemenda voru ekki búin að ákveða hvaða námsbraut yrði fyrir valinu í maímánuði þar af 20% í fræðsluhópnum og 36% af samanburðarhópnum en hún telur að það geti boðið heim flakki á milli námsbrauta eftir að í framhaldsskólana er komið.

Í rannsókn sem Eydís Katla Guðmundsdóttir (2012) gerði á þróun náms- og starfsferils þátttakenda í Grunnenntaskólanum kom fram mikilvægi þess að nemendur væru vel upplýstir um þau námstækifæri sem í boði eru til að eiga auðveldara með að taka ákvarðanir um náms- og starfsferil sinn. Einnig segir hún það lykilatriði að námsumhverfið sé hvetjandi, styðjandi og standi undir væntingum.

Rannsakendur hafa velt því fyrir sér hvort nemendur séu tilbúnir og hafi þroska við lok grunnskólagöngunnar, til að taka svo mikilvægar ákvarðanir um val á námsleið og þar með um náms- og starfsferil sinn svo snemma á æfinni. Kuijpers, Meijers og Gundy (2011) gerðu rannsókn í 34 hollenskum grunnskólum þar sem þátttakendur voru 3499 nemendur og 166 kennarar í 226 bekkjum, þar sem þau skoðuðu hvernig endurspeglun starfsferils (*e.career reflection*), mótun starfsferils (*e.career forming*) og tengslamyndun við vettvang (*e.networking*) birtist hjá nemendum. Þau benda á að ákvörðunin um námsval sem slík sé í raun mikið álag fyrir nemendur. Einnig telja þau að ekki sé ráðlagt að gefa nemendum ítarlegar upplýsingar um nám og störf skömmu fyrir valið heldur sé vænlegra að hvetja þá til

að safna sjálfir upplýsingum um nám og störf og taka sjálfstæða ákvörðun. Ein leiðin fyrir nemendur til að kynna störfum og starfaumhverfi er að kanna sjálfir hvað er í boði, jafnvel með því að fara á vettvang, hvort heldur sem er inn í skólana eða á vinnustaðina. Þannig myndast eins konar samtal (*e.dialogue*) milli nemenda og vettvangsins eða nemenda og kennarans. Með því að mynda þetta samtal er líklegra að nemendur verði virkir í því að móta eigin framtíð og upplifi sig sem þátttakendur í því. Hætt er við að nemendur taki ákvörðun um eigin náms- og starfsferil með hangandi hendi ef mötunin er of mikil (Kuijpers, Meijers og Gundy, 2011).

Ágústa Björnsdóttir (2007) gerði MA- verkefni um nemendur sem snúa aftur til náms á framhaldsskólastigi eftir brotthvarf. Þeir áttu það helst sameiginlegt að að hafa upplifað samfélagslegan þrýsting varðandi það að ljúka stúdentsprófi, hafa þurft tíma til að finna sjálfa sig í starfi og námi og að þeir höfðu mætt margvíslegum hindrunum á leið sinni aftur til náms. Atvinnuþátttaka þeirra hefur hins vegar hjálpað þeim að marka sér stefnu í náms- og starfsvali. Hulda Karen Ólafsdóttir (2012) tók viðtöl við nemendur sem komu aftur til náms í kringum 25 ára aldurinn eftir brotthvarf frá námi á framhaldsskólaaldri. Viðmælendur hennar töldu sig ekki hafa haft þroska á þeim árum til að velja sér nám við hæfi. Einnig nefndu þeir að helsti námshvati þeirra í dag væri viljinn til að komast í betri störf og fá betri afkomu.

Rannsóknir sýna fram á tengsl á milli brotthvarfs frá námi og félagslegs bakgrunns. Eftir því sem 14 ára ungmenni töldu sig fá meiri stuðning frá foreldrum því líklegri voru þau til að hafa lokið framhaldsskólanámi 22 ára (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005). Rumberger og Lim (2008) gerðu samantektar rannsókn (*e.meta-analyses*) sem byggð er á 203 rannsóknum, gerðum á 25 ára tímabili. Í rannsókn þeirra er leitast við að greina gögn um þjóðerni, stöðu og flutninga innan sveitarfélaga til að geta út frá tölfræðilegum upplýsingum spáð fyrir um brotthvarf úr efri bekkjum bandarískra grunnskóla. Þar kom fram að hugsanlega séu nemendur á þessum aldri viðkvæmari fyrir breytingum í félagslegu nærumhverfi sínu og því líklegri til að hverfa frá námi eða eiga erfiðara með að velja sér námsleið sem þeir hafa nógu mikinn áhuga á til að hafa hvata til að ljúka námi..

Stjórnvöld hafa reynt að bregðast við auknu brotthvarfi úr námi með breytingum á lögum. Í núgildandi lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 var gerð sú breyting að nú er skylt að bjóða öllum nemendum undir 18 ára nám á framhaldsskólastigi en áður höfðu þeir einungis rétt á því. Vonast er til að með þessari lagasetningu dragi úr brotthvarfi frá námi (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012). Með lögnum er tryggður réttur allra til náms, eða nokkurs konar fræðsluskylda, til 18 ára aldurs í stað 16 ára áður. Einnig staðfesta þau framhaldsskólapróf

sem nýtt lokapróf og færa ákvörðunarvald um inntak námskrár til skólanna sjálfra að stórum hluta (Lög um framhaldsskóla nr. 92/ 2008).

Baldur Gíslason (2006) lagði til í grein sem hann ritaði 2006 að skólarnir yrðu opnaðir og þeim gefið frelsi til að laga sig að breyttum aðstæðum í framhaldsnámi og á vinnumarkaðinum. Það var gert með setningu nýrra laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, þannig lögðu stjórnvöld sitt að mörkum til að gera stjórnendum framhaldsskóla kleift að taka á móti nemendum á forsendum nemenda.

Gerður G. Óskarsdóttir (2012) hefur bent á að íslensk stjórnvöld þurfi að grípa til aðgerða til að draga verulega úr brotthvarfi úr íslenskum skólum með sérstöku átaki sem leggur áherslu á að draga úr brotthvarfi með forvörnum og skimun strax í grunnskóla. Því fyrr sem gripið er til aðgerða því meiri árangur næst. Sá hópur sem hverfur frá námi er margleitur og hættir af ólíkum ástæðum og því þarf að „sérstíða“ inngríp með tilliti til margbreytileika nemenda. Með skimun er hægt að greina styrkleika og veikleika hvers nemanda. Þannig væri hægt að leiðbeina nemendum við að velja námsleið sem þeir hafa nógu mikinn áhuga á til að geta klárað hana.

Settar hafa verið fram tillögur um hvernig draga megi úr brotthvarfi frá námi (Forsætisráðuneytið, 2012). Liður í þeirri áætlun er að árið 2015 eiga allir framhaldsskólar að hafa innleitt nýja námskrá sem býður upp á aukna fjölbreytni í námi og þar sem átak verður gert í starfsmenntun með auknu samráði við vinnumarkaðinn. Vonir eru bundnar við það að með auknu frjálstræði við gerð námskrár fái framhaldsskólarnir meiri möguleika á að sníða námið að þörfum nemenda og draga þannig úr brotthvarfi (Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anna C. Tannhauser, 2011). Einnig hefur verið rætt um möguleikann á því að stytta nám í framhaldsskólum fyrir ákveðinn hóp nemenda en í rannsókn Gerðar G. Óskarsdóttur (2012) kom fram að bæði kennarar og nemendur telja að mikið sé um endurtekningar á námsefni sem hugsanlega séu óþarfar (Forsætisráðuneytið, 2012; Gerður G. Óskarsdóttir, 2012).

Staðan á Íslandi varðandi brotthvarf er ekki góð þegar hún er borin saman við stöðuna í öðrum löndum OECD ríkjanna. Þrátt fyrir að miklu fé sé varið í íslenska menntakerfið virðist það ekki vera að skila sér til þeirra sem eru í brotthvarfshættu. Mikilvægt er að ganga úr skugga um hvaða nemendur eru helst í brotthvarfshættu til að geta dregið úr áhættunni. Hugsanlega er ein af ástæðunum námsvalið, það er að segja að nemendur velja sér nám á framhaldsskólastigi sem þeir hafa í raun ekki áhuga á. Íslensk stjórnvöld leitast við að draga

úr brotthvarfi á framhaldsskólastigi, bæði með því að skoða helstu ástæður brotthvarfs og með því að gera úrbætur á skólakerfinu eins og þurfa þykir.

1.4 Rannsóknarspurningar

Til þess að reyna að finna skýringar á því hvers vegna nemendur hverfa frá fyrsta námsvali sínu var nærtækast að tala við einstaklinga sem hafa staðið í þessum sporum. Rannsóknin náði til nemenda sem völdu bóknám þegar þeir luku námi í 10.bekk og skiptu svo yfir í starfsnám síðar á námsferlinum. Viðmælendur voru orðnir 18 ára þegar rannsóknin var gerð. Reynt verður að fá innsýn í hvaða ástæður lágu að baki upphaflegu námsvali viðmælendanna og hvers vegna þeir ákváðu að breyta um námsleið.

Markmiðið með þessari rannsókn er að kanna hvað liggur að baki námsvali hjá nemendum sem skipta úr bóknámi yfir í starfsnám. Beitt var eigindlegum rannsóknaraðferðum þar sem þær henta mjög vel til að fá djúpan skilning og innsýn í það hvernig einstaklingar upplifa ákveðnar aðstæður eða viðburði (Hennink, Hutter og Bailey, 2011). Rannsóknarspurningarnar sem leitast var við að svara voru eftirfarandi:

Hvernig upplifa þeir sem skipt hafa úr bóknámi yfir í starfsnám námsval sitt?

Hversu vel ígrundað er námsval þeirra?

Hverjar eru, að þeirra mati, meginástæður þess að þeir hætta í bóknámi?

Hvað telja þeir helst hafa haft áhrif á val á starfsnámi?

Hvaða áhrif hafði sú reynsla, að skipta um nám, á þá að þeirra mati?

2 Aðferð

Þessi rannsókn er gerð með eigindlegri rannsóknaraðferð (*e.qualitative research*), Til eru nokkrar leiðir til að framkvæma eigindlegar rannsóknir en hér var stuðst við það sem kallast djúpvíðtöl eða opin einstaklingsvíðtöl (*e.in-depth-interviews*) (Hennink og félagar, 2011).

Ástæðan fyrir því að ég valdi þessa aðferð er að djúpvíðtal getur gefið mjög nákvæmar upplýsingar um upplifun viðmælandans á því sem verið er að rannsaka. Ég notaði opinn viðtalsramma til að ná sem bestum árangri og lagði áherslu á að ná góðu sambandi við viðmælendur, spurði opinna einlægra spurninga og hvatti viðmælendur til frásagnar.

2.1 Þátttakendur

Rannsóknin er byggð á viðtölum við átta þátttakendur á aldrinum 18 – 30 ára sem eiga það sameiginlegt að hafa byrjað í bóknámi og skipt yfir í starfsnám. Notað var markmiðsúrtak (*e.purposive sampling*) en þá eru þátttakendur valdir með það að leiðarljósi að þeir hafi sameiginlegan bakgrunn eða forsögu sem líkleg er til að leiða rannsakandann í átt til svara við rannsóknarspurningunum (Silverman, 2010). Um er að ræða fjórar konur og fjóra karla. Viðtölin voru tekin á tímabilinu nóvember 2012 til mars 2013. Yfirleitt eru skólarnir nefndir *Menntaskóli* eða *Fjölbrautaskóli* eftir því hvort þeir starfa eftir bekkjakerfi eða fjölbrautakerfi. Skólarnir sem koma við sögu eru Verzlunarskóli Íslands, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Flensborgarskólinn, Verkmenntaskóli Austurlands, Menntaskólinn á Akureyri, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Menntaskólinn við Sund. Námsbrautirnar sem þátttakendur hafa stundað nám á eru náttúrufræðibraut, málabraut, félagsfræðibraut og viðskiptafræðibraut. Fögin sem þeir hafa lagt stund á í seinna námi eru hársnyrtir, snyrtifræði, nudd, rafvirkjun og húsgagnasmíði. Þrír þeirra eru búnir með seinna námsval og tveir þeirra hafa lokið stúdentsprófi, annar með starfsnámi en hinn lauk stúdentsprófi af bóknámsbraut og fór svo í starfsnám eftir tveggja ára hlé.

Hér verður gerð grein fyrir þátttakendum, notuð eru gervinöfn til að tryggja nafnleynd en aldur og kyn eru rétt.

Árdís er 24 ára, einhleyp, alin upp á höfuðborgarsvæðinu og býr í foreldrahúsum. Hún á einn bróður sem er sex árum eldri. Hún hóf bóknám í Menntaskóla strax eftir grunnskóla en hætti á vorönn á öðru ári. Árdís fór í starfsnám að hausti það ár og útskrifaðist úr fagi sem hana hafði dreymt um að læra frá því hún var lítil stúlka. Hún naut þess mjög að læra draumafagið en þegar hún kom út á vinnumarkaðinn fann hún sig engan veginn í því starfsumhverfi sem fagið býður upp á. Hún fór erlendis eftir að hafa hætt í faginu og starfaði sem au- pair í átján

mánuði hjá sömu fjölskyldunni. Hún hóf störf hjá litlu fyrirtæki eftir að hún kom aftur til Íslands og stundar núna fjarnám við háskóla með vinnu. Móðir hennar er snyrtifræðingur og faðir hennar er verkamaður með sértæk starfsréttindi.

Elli er 28 ára, einhleypur eða „*einsamall*“ eins og hann sagði sjálfur, býr í foreldrahúsum eftir skilnað, á dóttur á grunnskólaaldri og er alinn upp á höfuðborgarsvæðinu. Hann á fjögur systkini og er alinn upp með systur sinni sem er 9 árum eldri. Elli hóf bóknám í Menntaskóla strax eftir grunnskóla en hætti í því á miðju fjórða ári þegar dóttir hans fæddist. Hann tók sér nokkurra ára hlé og fór svo í nám sem leiddi hann til starfs sem hann hefur unnið við síðan. Foreldrar hans luku grunnskólaprófi en móðir hans vinnur á sambýli og faðir hans er verkamaður og vinnur útvinnu að hluta til.

Áslaug er 21 árs, á kærasta og býr í foreldrahúsum. Hún á tvo eldri bræður sem hún þekkir lítið og systur sem hún ólst upp með og er á svipuðum aldri og hún. Áslaug fór í bóknám í Fjölbrautarskóla strax að loknum grunnskóla og var í því í samtals fjögur ár. Á miðjum námstímanum fór hún sem sjálfboðaliði til starfa erlendis í eitt ár. Eftir að hafa verið í samtals fjögur ár í bóknámi sá hún engan tilgang með því og ákvað að reyna starfsnám sem hún stundar enn og er mjög sátt við. Móðir hennar hefur lokið starfsréttindanámi á háskólastigi og starfar við það en faðir hennar kláraði stúdentspróf óvenju ungur en hefur ekki lagt stund á frekara nám. Hann starfar sem verkstjóri í útvinnu.

Ási er 18 ára, býr í foreldrahúsum og á tvö systkini sem eru litlu yngri en hann. Hann fæddist erlendis en flutti til Íslands þegar hann var þriggja ára. Hann bjó utan höfuðborgarsvæðisins til sex ára aldurs en flutti á höfuðborgarsvæðið þegar foreldrar hans skildu. Ási byrjaði í bóknámi í Fjölbrautaskóla strax eftir grunnskóla og hefur verið að fikta við neyslu fíkniefna. Hann byrjaði í starfsnámi um áramótin 2012-2013 og kann mjög vel við sig í því. Móðir hans kláraði stúdentspróf og vinnur við bókhald. Faðir hans er bakari og rekur fyrirtæki.

Berglind er 18 ára og býr með kærastanum sínum á höfuðborgarsvæðinu. Hún er alin upp úti á landi og er mikil hestakona. Foreldrar hennar skildu þegar hún var á áttunda ári og hún bjó hjá móður sinni eftir það en átti í góðum samskiptum við föður sinn. Hún á tvær systur sem eru töluvert eldri og stjúppforeldrar hennar eiga líka börn sem öll eru eldri en hún. Berglind fór í bóknám strax eftir grunnskóla og bjó þá á heimavist. Henni gekk ekki vel í því og flutti á höfuðborgarsvæðið og byrjaði í bóknámi í Fjölbrautaskóla sem gekk ágætlega í upphafi en

smátt og smátt flosnaði hún upp úr því. Berglind byrjaði í starfsnámi um áramótin 2012-2013 og nýtur sín mjög þar. Móðir hennar lauk grunnskólaprófi og vannur skrifstofuvinnu. Faðir hennar kláraði starfsnám og rak fyrirtæki til margra ára í tengslum við fagið sitt. Hann býr erlendis ásamt núverandi eiginkonu sinni. Makar foreldranna hafa lokið grunnskólaprófi.

Dabbi er 30 ára og býr á höfuðborgarsvæðinu ásamt kærustunni sinni. Þau eiga von á barni á árinu. Dabbi fæddist erlendis, á íslenska móður en erlendan föður, þau skildu þegar hann var tveggja til þriggja ára. Hann hefur búið í þrem löndum og var í níu grunnskólum í það heila. Hann vann í tvö ár eftir grunnskóla og var því að verða 18 ára þegar hann byrjaði í bóknámi í Fjölbrautaskóla. Honum leist ekkert á þann skóla og færði sig í bóknám í öðrum Fjölbrautaskóla þar sem hann kláraði meginhlutann af náminu en flutti út á land með þáverandi unnustu sinni og tók nokkur fög í þriðja Fjölbrautaskólanum, einnig í bóknámi. Eftir sambandslit kom hann aftur til höfuðborgarsvæðisins og fór til baka í annan Fjölbrautaskólann en fann sig ekki þar. Eftir nokkurra ára hlé fór hann svo í starfsnám og kláraði sveinspróf og stúdentspróf á sama tíma. Móðir hans er lærður tanntæknir en er að hætta að vinna sökum aldurs. Faðir hans er sjálfmenntaður kokkur og vannur í mötuneyti.

Jói er 18 ára og býr í foreldrahúsum á höfuðborgarsvæðinu ásamt tveim hálf systur sem eru yngri en hann. Hann bjó einn með móður sinni þangað til á áttunda ári. Hann hóf bóknám strax eftir grunnskóla og færði sig svo yfir í starfsnám á þriðja ári og kann mjög vel við sig í því. Bók- og starfsnám Jóa er innan sama Fjölbrautaskóla. Jói er lesblindur, með ADHD og hefur verið að hitta sálfræðing vegna þunglyndis. Móðir hans kláraði háskóla og starfar í bókhaldi. Faðir hans rekur fyrirtæki ásamt eiginkonu sinni tengt iðngreininni sem hann lagði stund á. Fósturfaðir hans rekur eigið fyrirtæki.

Dóra er 23 ára, alin upp á höfuðborgarsvæðinu og býr þar í foreldrahúsum. Foreldrar hennar skildu þegar hún var á sjöunda ári. Þegar hún var á unglingsaldri eignuðust foreldrar hennar samanlagt fjögur börn á þrem árum. Tvö þeirra ólust upp með henni. Hún hóf bóknám í Menntaskóla strax eftir grunnskóla en færði sig yfir í starfstengt bóknám í Fjölbrautaskóla á þriðja ári en þaðan kláraði hún stúdentspróf. Eftir tveggja ára hlé byrjaði hún í starfsnámi og nýtur þess mjög.

2.2 Framkvæmd

Vinna við rannsóknina hófst um mitt ár 2012 en viðtölin fóru fram í nóvember 2012 og febrúar/mars 2013. Ég komst í samband við fyrstu tvo viðmælendurna með því að leita til *vina* á samskiptasíðunni *facebook* en hina sex með því að leita til náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Eftir að hafa fengið send nöfn og símanúmer hafði ég samband við þau, en öll nema eitt viðtal fóru fram á kaffihúsum á höfuðborgarsvæðinu snemma dags. Þetta eina viðtal sem ekki fór fram á kaffihúsi var tekið heima í stofu að kvöldi til.

Bæði í símtalinu og þegar við hittumst til að taka viðtölin var þátttakendum gerð grein fyrir um hvað rannsóknin fjallaði, að nöfn þeirra kæmu hvergi fram, að trúnaði væri heitið og að tilkynna þurfi rannsókn af þessu tagi til Persónuverndar. Tekin voru opin einstaklingsviðtöl og voru þau á bilinu 45 – 108 mínútur að lengd. Í viðtölunum var stuðst við viðtalsramma (fylgiskjal 1) sem byggður er á rannsóknarspurningunum. Spurt var um núverandi aðstæður, bakgrunn, uppeldisaðstæður, grunnskóla og líðan þar. Spurt var út í námsvalið og skiptin úr bóknámi yfir í starfsnám, hvernig þeim gekk námslega og félagslega. Einnig var spurt um fyrirmyndir, atvinnu, tómstundir og sjálfsmynd.

Mikið er lagt upp úr því í eigindlegum rannsóknaraðferðum að skilja skilning (*e.verstehen*) viðmælenda á ákveðnum upplifunum á viðburðum eða lífsskeiðum. Til að það sé hægt með besta mögulega móti þarf rannsakandinn að geta lagt eigin skoðanir til hliðar þannig að þær hafi ekki áhrif á hlutleysi niðurstaðna (Hennink og félagar, 2011). Í starfi mínu sem leik- og grunnskólakennari hef ég lagt mig fram um að mæta hverri fjölskyldu af eins miklu hlutleysi og frekast er unnt hverju sinni. Það kom sér vel að hafa þá reynslu þegar ég vann úr viðtölunum þó að í tveim þeirra hafi ég þurft að hafa aðeins meira fyrir því að gæta hlutleysis heldur en í hinum. Ég reyndi eftir fremsta megni að túlka niðurstöður úr gögnum með hlutleysi og heiðarleika að leiðarljósi.

2.3 Úrvinnsla gagna

Viðtölin voru öll tekin upp á stafrænt upptökutæki og vistuð samdægurs á öruggan stað. Afritun hófst yfirleitt sama dag eða daginn eftir en athugasemdir voru skrifaðar inn í afritunina eins og við átti hverju sinni. Eftir afritun hlustaði ég aftur á hvert viðtal og þegar ég var búin að afrita fjögur viðtöl byrjaði kóðunarferlið.

Við greiningu gagna studdist ég við nálgun grundaðrar kenningar (*e.grounded theory*) en það felur í sér að nálgast kjarna gagnanna á skipulagðan hátt. Notast var við aðferðir Kathy Charmaz (2006) en þær byggjast á því að kóðun fer fram í þrepum. Kóðun er í stuttu máli

aðferð til að greina hvað gögnin fela í sér eða innihalda. Með því að skoða og kynna gögnunum betur fékk ég einhvers konar svörun frá gögnunum. Gögnin geta þannig leitt rannsakandann á allt önnur mið en áætlað var, en það átti við í þessu tilfalli. Þegar viðtölin voru afrituð var notuð opin kóðun (*e.initial coding*) samhliða því, gögnin lesin strax línu fyrir línu (*e.line-by-line coding*) og athugasemdir skrifaðar niður um það sem stóð út úr gögnunum. Þannig var leitað að hugtökum eða þemum (*e.themes*) sem mynduðu kóðunarflokka. Hvert viðtal var svo kóðað með markvissri kóðun (*e.focused coding*) (Charmaz, 2006) þar sem flokkunarskjalinu var skipt í þrjá dálka. Þar var viðtalið í heild sinni í dálkinum lengst til vinstri, næst var dálkur þar sem megin þemur voru dregin fram en í aftasta dálkinum voru mínar athugasemdir (athugasemdir rannsakanda eða AR). Eftir því sem fleiri viðtöl voru kóðuð bættust þau við skjal þar sem hver viðmælandi fékk sinn dálk (*e.column*) en hvert þema fékk sína röð (*e.row*). Að lokum voru niðurstöður fengnar með því að bera saman niðurstöður hvers þema í hverri röð. Með því að greina gögnin á þennan hátt náði ég að beita stöðugum samanburði (*e.constant comparative method*) þar sem gögnin eru í stöðugri greiningu með því að nota kóðun og skrifa stöðugt með þeim greiningarblöð (*e.memos*). Þegar gögnum eru á þennan hátt raðað saman á nýjan máta er það gjarnan kallað öxul kóðun (*e.axial coding*). Eftir því sem fleiri gagna var aflað var þeim bætt við greininguna með fyrrgreindum hætti. Gagnaöflun og markviss greining þeirra leiddi þannig til þess að hugtök og þemu fóru að vera áberandi í gögnunum. Til að fá sem best innsæi og skilning í aðstæður viðmælanda voru viðtölin marglesin og ítrekað hlustað á þau en það varð til þess ítrekað komu fram þemu sem ekki var leitað að í upphafi greiningar (Charmaz, 2006; Silverman, 2010).

3 Niðurstöður

Tilgangur rannsóknarinnar var að fá innsýn í hversu vel ígrundað, ungmenni sem skipt hafa úr bóknámi í starfs- eða verknám, upplifa námsval sitt. Það var gert með það fyrir augum að fá sem bestan skilning á hvers vegna þau völdu bóknámið, af hverju þau skiptu um nám og hvers vegna þau völdu tiltekið starfsnám. Við úrvinnslu gagna komu fram nokkur meginþemu en þau voru leiðbeinandi þegar niðurstöðunum var skipt í kafla. Má þar fyrst nefna aðdraganda þess að velja framhaldsskóla þar sem bakgrunnur þátttakenda var skoðaður, grunnskólinn og líðan þar, foreldrar og bakgrunnur þeirra og tengsl þátttakenda við foreldra sína. En þó einna helst hvað það var sem hafði áhrif á námsval þátttakenda við lok grunnskóla. Þá er fjallað um upplifun viðmælenda á því að hverfa frá bóknámi, hvers vegna það nám var valið, líðan í námi, félagatengsl á meðan á námi stóð og hvað hafði áhrif á það að viðmælendur hurfu frá bóknáminu. Að lokum verður fjallað um upplifun á að hefja starfsnám, þar sem ástæðan fyrir skiptum á námi og áhrif þess á þátttakendur var skoðuð, félagatengsl í því námi, sjálfsmynd eða sjálfstraust, fyrirmyndir og framtíðarsýn.

Talað er um Fjölbrautaskólaþegar um er að ræða skóla sem starfa eftir áfangakerfi og Menntaskóla þegar um er að ræða skóla sem starfa eftir bekkjakerfi. Undantekning er gerð varðandi Verzlunarskóla Íslands því það er mjög fjölmennur skóli og því ekki hægt að rekja umæðu um hann til viðmælenda í þessu samhengi.

3.1 Aðdragandi náms - að velja framhaldsskóla

Til að fá innsýn í hvað liggur að baki fyrsta námsvali nemenda og síðar skiptum yfir í starfsnám var upplifun þeirra af grunnskólagöngunni og samskipti við nærumhverfið, skoðuð. Við úrvinnslu gagna komu þemun skýrt fram en þau voru bakgrunnur, líðan í grunnskóla, fyrirmyndir og menntun og störf foreldra. Flestir þátttakenda eru aldir upp á höfuðborgarsvæðinu eða sex af átta. Einn þeirra er alinn upp úti á landi og einn erlendis að hluta til og frá 14 ára aldri á höfuðborgarsvæðinu. Sex af átta búa enn í foreldrahúsum, eitt á barn og annað átti von á barni þegar viðtölin fóru fram. Fimm af átta eiga fráskilda foreldra.

3.1.1 „Þegar ég svona horfi til baka“

Bakgrunnur þátttakenda, líðan þeirra í grunnskóla, fyrirmyndir og menntun og störf foreldra voru skoðuð, með tilliti til þess hvort þessir þættir hefðu hugsanlega haft áhrif á námsval viðmælenda í framhaldsskóla. Flestir þátttakenda töluðu þannig að þeir virðast hafa alist upp við ágætis atlæti en þeir sem eiga fráskilda foreldra nefna að skilnaðurinn hafi haft mikil áhrif á þá. Flestir töluðu um að vera í góðu sambandi við foreldra sína en þeir sem áttu fráskilda

foreldra voru í litlu sambandi við feður sína og töluðu um að sambandið við þá væri líkast kunningjasambandi. Berglind átti gott samband við föður sinn í gegnum sameiginlegt áhugamál. Dabbi hafði minna af föður sínum að segja en hinir þátttakendurnir því faðir hans bjó að mestu leyti í öðru landi. Þeir hafa á tímabilum í lífinu búið í sama landi. Hann sagði að samband þeirra væri nokkuð gott í dag en ekki náíð. Allir þátttakendur töluðu um að vera hvattir til náms af foreldrum sínum.

Margir þættir geta haft áhrif á námsval nemenda, bæði atburðir í lífi þeirra og fólk sem það mætir á lífsleiðinni. Einn þátttakenda var ánægður með grunnskólagönguna í heild og heldur miklu sambandi við félag sína úr grunnskóla. Annar hittir gamla skólafélaga í kringum tómstundir og sá þriðji er í nánú sambandi við einn skólafélaga úr grunnskóla. Hér á eftir verður gefið sýnishorn af því hvernig þátttakendur upplifðu grunnskólagöngu sína á mismunandi hátt. Berglind er til dæmis sú eina af þeim sem er virkilega ánægð með grunnskólagönguna og heldur sambandi við jafnaldra sína sem og krakka sem voru í árgöngunum næst henni. Dabbi sker sig svolítið úr að því leiti að hann skipti oft um grunnskóla en hann virðist vera búinn töluverðri aðlögunarhæfni:

Það er rosalega auðvelt fyrir, bara að tala og kynnast fólki. Mamma er búin að flytja alveg óhemju mikið ... alveg geðveikt mikið, ég er búinn með eitthvað alveg tíu grunnskóla sko... í þrem löndum ... þannig að þegar ég kem þegar í 10. bekk þá er ég ekki búinn að vera ...[...]... á Íslandi í þrjú ár og þá kem ég í 10. bekkinn og kynnist einhverjum strákum bara þar og ég var eiginlega meira bara svona í villingapakki bara þar: ... Ég fékk samt alveg góðar einkunnir var með alveg einkunnir upp á sjö úr samræmdu prófunum.

Elli er sá eini af þeim sem lenti í einelti eftir að hann byrjaði í gagnfræðaskóla en gekk samt vel í skólanum. Hann stundaði mikið íþróttir og sagðist hafa notið sín þar en eftir að hann byrjaði í gagnfræðaskóla fór honum að líða mjög illa í skólanum:

Það var bara einelti ...[...]... maður hafði minni áhuga á að fara í skólann en ég fékk samt góðar einkunnir ...[...]... ég mætti alltaf. Á endanum að þá bara sagði ég til þeirra ...[...]... þeir voru teknir til skólastjórans...þeir fóru til skólastjórans þeir voru teknir á fund sko... náttúrulega var ekki nafngreint hver sagði frá en hérna ... þeir voru látnir taka sig í gegn. Eftir þetta að þá minnkaði þetta ...[...]... ég var bara búinn að fá nóg það var bara svoleiðis ... eins og ég segi það var bara ekkert fyrir en í 10. bekk ...[...]... skólastjórinn sá þetta alveg að mér var farið að líða illa ... hún þekkti mig alveg ... hún tók ... mig bara og spurði mig hvað væri að og á endanum gaf ég eftir.

Fimm þátttakendur voru í sama grunnskóla alla skólagönguna en þátttakendur voru misánægðir með skólana sína og hvernig þeir undirbyggðu þau fyrir framhaldsskólagönguna. Árdís sagði til dæmis:

Þegar ég svona horfi til baka finnst mér þetta ekki hafa verið góður skóli....þegar ég var í honum sko. Þú veist til dæmis þegar ég byrjaði í Menntaskólanum...og við vorum þrjár úr sama bekk í grunnskóla...og okkur fannst þú veist...við minna undirbúin heldur en hinir krakkarnir í bekknum. Þær til dæmis...að þær hættu báðar í bekknum...þú veist...eftir fyrsta árið...þú veist maður komst upp með að læra sjaldan í tímum...og...og aldrei heima...þú veist maður komst bara upp með það.

Grunnskólagangan í heild lagðist misvel í viðmælendur á mismunandi tímabilum. Áslaug skipti um skóla áður en hún byrjaði í 9. bekk, henni gekk mjög vel í skóla en var snemma komin með skólaleiða. Hún sagðist hafa haft þörf fyrir að stjórna námshraðanum sjálf.

Þú veist ég var ógeðslega spennt að byrja í grunnskóla ... sumarið fyrir fyrsta bekk og síðan fékk ég bara þú veist leiða fjóra mánuði inn í fyrsta bekk ...[...]... ég var þú veist þurfti aðeins meira svigrúm til þess að gera hlutina eftir mínu höfði til þess að klára grunnskóla og í Fossaskóla að þá er svona já boðið upp á að það eru minni bekkir og maður getur voðalega mikið stjórnað því hversu hratt maður fer í yfir námsefnið.

Þátttakendur búa allir að því að hafa verið hvattir til náms af foreldrum sínum. Þeir upplifðu allir einhvers konar mótlæti á grunnskólaaldri til dæmis í formi skilnaðar foreldra, flutninga, skólaskipta og stríðni eða eineltis á grunnskólaaldri. Allir eiga þátttakendur gott samband við að minnsta kosti eitt foreldri þó sumir þeirra eigi mistækt samband við hitt. Eftir að hafa skoðað bakgrunn þátttakenda, grunnskólagöngu og tengsl þeirra við foreldra var rætt við þá um ástæðuna fyrir því hvers vegna þau völdu það framhaldsskólanám sem þau fóru fyrst í og hlustað eftir því hvað eða hverjir höfðu áhrif á valið. Einnig var skoðað hvernig þeim leið í náminu, hvað hafði áhrif á líðan þeirra og í sumum tilfellum hvort líðan í grunnskóla hefði samsvörun við líðan í bóknáminu.

3.1.2 „Hvort ætlarðu í fjölbrauta- eða menntaskóla?“

Þegar kom að því að velja sér framhaldsskóla virðist valið hafa verið misvel ígrundað. Foreldrarnir hafa í öllum tilfellum hvatt börn sín til náms án þess þó að reyna að beina þeim inn á ákveðna námsbraut, einnig þau sem sjálf höfðu ekki mikla menntun. Fimm af átta þátttakendum komust í framhaldsskólann sem var fyrsta val en orðspor og vinsældir skólanna virtust frekar ráða valinu heldur en áhugi á því námi sem var í boði í þeim. Fjórir þátttakenda vildu fara í sama Menntaskólann eftir 10. bekk en einungis Árdís komst inn. Dóra og Jói sóttu um en komust ekki inn. Elli sagðist hafa langað í þennan ákveðna menntaskóla en var ráðlagt af kennara í grunnskóla að sækja ekki um því það minnkaði líkur hans á að komast inn í skóla sem hann myndi velja númer tvö. Áhugi svo margra á þessum tiltekna skóla sýnir einna helst hvað orðspor og vinsældir framhaldsskólanna hafa víðtæk áhrif á val nemenda á

framhaldsskólum almennt. Dabbi sótti um í skóla sem tilheyrði hverfinu sem hann bjó í á þeim tíma en hann var sá eini af þátttakendum sem fór ekki beint í framhaldsskóla að loknum grunnskóla:

Ég var bara svolítið að hjálpa til heima... það kom þarna einhver tímunktur þar sem var soldið svona erfitt heima fyrir. Mamma var alltaf að segja mér farðu í skóla, farðu í skóla...en ég nenni bara ekki að gera sem ég veit ekki hvað ég er að gera. Ég get farið þegar ég er orðinn 18 ára og verið bara tveimur árum á eftir. Mér fannst það ekki hættulegt þá en ég mundi segja... ég sé eitthvað smá eftir því núna en þægilegt að klára bara stúdentinn og rusla honum af sko fyrst á annað borð ég fór í það ...[...]... kannski svolítið erfiður fyrir mömmu að stjórna en jú mér langaði alveg að gera það [AR: klára stúdentinn] svo keypti ég mér þarna eitthvað bíl þegar ég var 17 ára.

Berglind fór í skóla þar sem hún gat búið á heimavist því móðir hennar „treysti höfuðborgarsvæðinu ekki fyrir henni“. Ási og Jói komust ekki inn í þá skóla sem þeir höfðu í fyrsta og öðru vali en fóru í skólann sem var í þriðja vali. Þetta þýðir að fimm af átta eða Árdís, Elli, Áslaug, Berglind og Dabbi komust inn í þann skóla sem var í fyrsta vali en Elli sótti samt ekki um í þann skóla sem hann langaði mest í, Berglind valdi sinn skóla vegna heimavistarinnar og Dabbi sagðist hafa valið fyrsta skólann vegna þess að sá skóli tilheyrði hverfinu sem hann bjó í á þeim tíma.

Áslaugu gekk mjög vel í 10. bekk og þar sem hún var með háar einkunnir gat hún valið úr framhaldsskólum og valdi einn af vinsælustu skólunum á höfuðborgarsvæðinu sem er með fjölbrautakerfi. Bóknám var það eina sem kom til greina, iðn- eða starfsnám var ekki nefnt sem möguleiki. Auk þess nefndi hún að hún hefði ekki verið tilbúin til að fara í starfsnám þegar hún var 16 ára. Hún vildi frekar fara í fjölbrautarkerfi heldur en bekkjarkerfi þar sem hún taldi sig vera missterka í námsgreinum:

Það var bara svona, hvort ætlaðu í Fjölbrautaskóla eða Menntaskóla eða áfangakerfi henti þér betur. Ekkert eitthvað langar þig að verða gullsmiður svona hvort þetta eða þetta ...[...]... fá að ráða mér sjálf sko... geta blandað saman áföngum eins og ég vil hafa þá og að það sé ekki heimsendir þó ég falli í dönsku, þá bara tek ég hann aftur. Þá þarf ég ekki að sitja aftur um bekk og...af því að ég er rosalega missterk í námsgreinum. Ég fékk góðar einkunnir út úr grunnskóla ...[...]... svona 9 í meðaleinkunn ...[...]... allir þessir stóru skólar MR, MH, Kvennó, Verlsó, ég gat farið inn í hvað sem var af þessu ...[...]... gat algjörlega valið um hvað sem er ...[...]... mórallinn var einhvern veginn þannig að krakkar með yfir 9 í meðaleinkunn fara í menntaskóla. Ég hafði ekki hugmynd um hvað ég ætlaði að gera við þetta stúdentspróf ...[...]... ég bara fór í menntaskóla því ég var með nógu góða einkunn til þess.

Árdís ætlaði í framhaldsskólann sem er staðsettur mjög nálægt heimili hennar og klára stúdentspróf áður en hún myndi fara að læra draumafagið sem hún fór svo í því að: „svo er

maður ekki neitt án stúdentsprófs“ en hún fór í skólaheimsókn í Menntaskólanum og leist svo vel á félagslífið að hún ákvað að sækja um þar:

Ég veit það ekki ... hvaðan þetta kom ... mamma og pabbi vildu að ég færi í stúdentinn ... þau eru hvorugt með stúdentspróf ... þau vildu að ég myndi klára það ... og ... en annars veit ég ekki sko hvaðan þetta kom að ég þyrfti að klára stúdentinn áður en ég færi í *draumafagið*.

Elli talaði aftur á móti um að hann hefði helst kosið að fara í framhaldsskóla þar sem hann var viss um að gerðar yrðu miklar kröfur um að standa sig í námi. Þó valdi hann Menntaskólann sem hann fór í því systir hans hafði verið í þeim skóla og hann leit mjög upp til hennar. Auk þess hafði kennari í grunnskóla ráðlagt honum frá því að sækja um í ákveðnum menntaskóla þar sem að hugsanlega væri hann ekki með nógu háar einkunnir til að komast inn. Kennarinn sagði einnig að ef hann kæmist ekki inn í þennan ákveðna menntaskóla væru minni líkur á að hann kæmist inn í skólann sem væri í öðru vali.

Tveir skólar höfnuðu umsókn Ása en hann sagði að kröfurnar sem þeir gerðu um inntöku voru að nemendur hefðu að minnsta kosti sex í einkunn í grunnfögunum. Hann hafði ekki nógu góðar einkunnir til að komast inn í skólann sem var í fyrsta vali en taldi sig hafa nógu góðar einkunnir til að komast inn í skólann sem var í öðru val en þar hefðu verið fjöldatakmarkanir inn á námsleiðina. Það eina sem kom til greina hjá honum var samt að fara í skóla. Þegar hann var spurður af hverju hann valdi Fjölbraut eftir 10. bekk sagði hann:

Því ég komst ekki inn í Menntaskólann eða á *tölvubrautina* komst sem sagt ekki inn...[...]...ég komst ekki inn í Menntaskólann það voru einhverjar kröfur. Ég náði kröfunum á *tölvubrautina* það var bara svo rosalega sótt um þetta þeir hafa bara tekið fólk með hærri einkunnir býst ég við.

Berglind valdi fyrri bóknámsskólann sinn því þar var hægt að vera í heimavist, henni gekk mjög illa í náminu og fann sig engan veginn þar. Eftir að hún eignaðist kærasta var mamma hennar tilbúin til að hleypa henni til Reykjavíkur. Berglind vildi ekki hætta í skóla, hún vildi klára og hafa menntun. Þess vegna skráði hún sig í Fjölbrautaskóla í Reykjavík sem hún sagði að gæti verið auðveldur fyrir nemendur sem nenntu að læra.

Fyrsti skólinn sem Dabbi valdi í bóknáminu varð fyrir valinu því það var hverfisskólinn hans. Hann segist eiga auðvelt með að kynnast fólki og þekkti nokkra í skólanum en var alls ekki að „*plömma*“ sig. Þá skipti hann yfir í Fjölbrautaskóla þar sem hann kunni mjög vel við sig og kláraði 110 einingar. Þegar þar var komið sögu ákvað hann að elta kærustu út á land og tók átta einingar þar í þriðja skólanum í bóknámi en valdi ekki einingar sem pössuðu inn í

námsferilinn. Eftir sambandsslit byrjaði hann aftur í sama Fjölbrautaskólanum en fann sig ekki þar því félagarnir voru farnir að útskrifast. Skólinn sem Jói hóf bóknámið í var þriðja val eins og hjá Ása nema Jói var með 8,5 í meðaleinkunn í 10. bekk en á þeim tíma sem hann sótti um var hverfatengingin einkunnum yfirsterkari. Það þýddi að nemendur sem áttu lögheimili í því hverfi þar sem skólinn er staðsettur höfðu forgang um inngöngu í skólann. Hann sagðist hafa skoðað fjóra aðra skóla og leist ekkert á bekkjarkerfi. Honum fannst það vera kostur að vera ekki alltaf í sama hópnum. Jói segist eiga auðvelt með raungreinar en finnst þær ekki skemmtilegar:

Ég sótti um í tveimur öðrum skólum og fékk inngöngu í hvorugan þeirra því það var fullt í báðum. Ég fór í fjóra...það var ...[...].....að var þarna mér leist ekki á ...[...]...út af því að það var ekkert af brautunum sem mér leist á mig langar nebblega ekki að vera á félagsfræði eða náttúrufræðibraut. Síðan var það sama með ...[...]...líka bekkjarkerfi mér leist ekki vel á það ...[...]... en ef þú ert í áfanga ertu bara alltaf með mismunandi fólki. Já það var svona list þeim bara svona í stuttu, síðan var bara svona blöð í Fjölbrautaskólanum sem lýsir alveg hvað þú ert að fara að gera og hverja áfanga þú ert að taka hverja þú ert ekki að taka og allt það samt prófarðu bara öll þessi blöð síðan bara sagt...veljið ykkur takið ykkur það var slatti af búnkum þarna En samt mér finnst ekki gaman að þessu.

Dóra komst ekki inn í bóknámsskólann sem hún sótti um í fyrsta vali og fór þess vegna í Menntaskólann í bóknám. Henni þótti námsefnið ekki nógu spennandi og nennti ekki að mæta í tíma. Dóra sagði að eftir að hún skipti yfir í Fjölbrautskólann, á sömu námbraut með örlítið annarri áherslu, hafi einkunnirnar hækkað úr fimm til sex í átta til níu. Hún virtist alveg sannfærð um að þessar breytingar á einkunnum mætti þakka betri kennurum í seinni bóknámsskólanum. Þegar Dóra var spurð út í námsvalið sitt sagði hún:

Ég sótti um í Verslunarskólanum í fyrsta sæti þangað fóru allar vinkonur mínar nema ég og ég fór í Menntaskólann. Ég kynntist voða mikið af fólki og besta vinkona mín í dag er sú sem ég kynntist var með mér í bekk í Menntaskólanum fyrsta árið og við fórum saman á öll böll og allt svona mjög gaman og ég sé ekkert eftir þeim tíma en námsefnið var kannski ekkert eitthvað sem ég var að sækjast mikið eftir þannig að ég ákvað að skipta.

Ástæðurnar fyrir vali á skólum í bóknáminu eru misjafnar hjá þátttakendum. Fimm þátttakendur komust í skólann sem þeir völdu í fyrsta vali, einn þátttakandi í skólann sem var í öðru vali og tveir þátttakendur í skólann sem var í þriðja vali. Árdís heillaðist af félagslífinu á kynningu sem hún fór á og valdi því viðkomandi skóla. Ella langaði í annan skóla en valdi þennan því kennari í grunnskóla ráðlagði honum að taka ekki áhættuna á því að missa af báðum skólunum en auk þess hafði systir hans verið í skólanum sem hann valdi. Áslaug hafði háar einnkunnir úr grunnskóla og gat því valið á milli vinsælustu skólanna. Hún var sú eina

sem nefndi að hafa valið að fara í fjölbrautakerfi til að geta „ráðið sér sjálf“. Ási og Jói komust inn í skóla sem voru í þriðja vali hjá þeim. Fyrsti skóli Berglindar varð fyrir valinu því þar hafði hún kost á að vera í heimavist en annar bóknámsskólinn hennar varð fyrir valinu því það var auðvelt að komast inn í hann. Dabbi fann sig ekki í fyrsta bóknámsskólanum sem hann fór í en það var hverfissskólinn hans en eins og hjá Berglindi þá varð annar bóknámsskólinn fyrir valinu því það var auðvelt að komast inn í hann. Fyrsti bóknámsskóli Dóru var í öðru vali hjá henni en hún komst ekki í skólann sem var í fyrsta vali. Annar bóknámsskólinn hennar varð fyrir valinu því þar var námsbraut sem henni fannst spennandi en hún var að miklu leyti hætt að sinna náminu í fyrsta skólanum.

Námsbrautirnar sem þátttakendur völdu í bóknáminu virtust skipta minna máli en skólarnir sjálfir. Jói nefndi þó að hafa valið brautina sem hann fór á því móðir hans starfar á því sviði og Dóra var á svipaðri braut í báðum bóknámsskólunum því hún taldi það nýtast við val á framtíðarstarfi en námsbrautin í seinni bóknámsskólanum býður upp á örlítið meiri sérhæfingu. Elli valdi brautina sem hann var á því systir hans hafði verið á þeirri braut. Aðrir þátttakendur nefndu ekki hvers vegna viðkomandi námsbraut varð fyrir valinu. Tveir þátttakendur byrjuðu á málabraut, einn á braut tungumála og félagsgreina, tveir voru á félagsfræðibraut, einn var á náttúrufræðibraut, einn á hagfræðibraut og einn á viðskiptafræðibraut.

Af þessum fimm sem komust inn í framhaldsskólann sem var í fyrsta vali, var eitt þeirra sem hætti strax eftir fyrstu önn, tvö á miðju öðru ári eða eftir annað ár en tvö hættu á fjórða ári eða eftir fjögur ár í sínum skóla. Hin þrjú sem ekki komust inn í skólann sem þau völdu í fyrsta sæti, hættu í fyrsta náminu eftir annað ár. Eitt þeirra skipti alveg um skóla og námsleið, annað fór í starfsnám innan sama skóla og það þriðja fór í svipaða námsleið með öðrum áherslum í öðrum skóla.

3.2 Að hverfa frá bóknámi

Rætt var við þátttakendur um hvernig þeim leið í bóknámsskólanum, hvað hafði áhrif á líðan þeirra og í sumum tilfellum hvort líðan í grunnskóla hefði samsvörun við líðan í bóknáminu. Einnig var skoðað hvað hafði áhrif á það að þau hættu í bóknáminu.

3.2.1 „Meira félagsskapurinn heldur en framfarir í námi“

Þátttakendum virðist hafa liðið misvel í náminu sjálfu í skólunum þar sem þeir stunduðu bóknám og það kom fram hjá mörgum þeirra að félagsleg staða eða vinatengsl í skólanum hafi haft töluverð áhrif á upplifun þeirra. Mörg nefndu áhugaleysi sem eina af ástæðunum

fyrir því að hafa hætt í bóknáminu en það kom ekki alltaf skýrt fram hvort áhugaleysið væri gagnvart náminu sjálfu eða því að mæta í skólann þar sem engir voru félagarnir.

Áslaug sem hafði yfirleitt gengið vel námslega í grunnskóla talaði um að hún hefði með naumindum náð hverri önn og fögin sem hún náði voru þau fög sem kveiktu með henni áhuga. Henni datt samt ekki í hug að skoða annað nám fyrr en vinirnir fóru að útskrifast:

Ég get alveg fengið mér stúdentspróf bara ... ef mig langar til þess ... það er bara svona þessi motivation sem vantar að ... að mæta í tímana ... að sofa ekki í tímunum ... að glósa og læra heima ...[...]... get ég það alveg. Sem hefur náttúrulega sýnt sig að þeir áfangar sem ég sinnti og mætti í tímana og lærði heima að þá var ég að fá níu og tíu í þeim ...[...]... um leið og áhuginn er fyrir hendi ég ... bara hef engan áhuga og þá gerist ekkert ég kemst ekkert áfram í þessu. Þannig að ég mætti rosalega vel í skólann en ég mætti hins vegar engan veginn jafn vel í tímana það bara ef einhver vinur minn var í eyðu þá var bara mjög líklegt að ég sleppti bara tímanum ...[...]... var alltaf mætt á réttum tíma í skólann á morgnana og allt þannig en fór ekki endilega í alla tímana. Það var mikið meira félagsskapurinn heldur en framfarir í námi.

Einnig talaði Áslaug um að hún hefði engan veginn fundið sig í bóknáminu, það er að segja í náminu sjálfu þó hún ætti stóran félagahóp þar og liði vel í skólanum. Hún sagðist hafa fundið sterklega fyrir áhugaleysinu þegar hún beið eftir því að komast erlendis til að starfa sem sjálfboðaliði og enn frekar þegar hún kom aftur til Íslands og eftir því sem áhuginn minnkaði varð árangurinn lakari. Sem varð til þess að hún ákvað að hætta í bóknáminu:

Þá var bara komið að því að allir vinirnir úr Fjölbrautaskólanum voru að fara að útskrifast... náttúrulega byrjuðu að útskrifast eftir þriðja ár ...[...]... og síðan var ég á þessari önn sem var loka fjórða árið fyrir flesta ...[...]... en þú veist það var enginn að fara að vera þarna ég var bara búin... með helminginn af einingunum ...[...]... ég náttúrulega hefði getað tekið 21 einingu á önn að minnsta kosti ...[...]... það bara vantaði bara áhugann í það sko ég var bara í því að fá ...[...]... bara rétt svo nógu mikið til að vera ekki rekin úr skólanum ...[...]... allir voru að útskrifast það sem ég var að mæta í skólann fyrir var að hverfa sko.

Aðstæðurnar hjá Ella voru öðruvísi en þar sem hann hafði lent í einelti við lok grunnskólans sagði hann að sjálfsmyndin hafi farið að styrkjast þegar hann byrjaði í framhaldsskóla og hann eignaðist strax einhverja féлага. Hann sagði að fyrsta árið hefði verið mjög gott. Félagatengslin náðu samt ekki út fyrir vegg skólans, hann hætti smátt og smátt að mæta í tíma og var einn heima að læra en náði þeim prófum sem hann tók. Elli átti góða kunningja í grunnskóla en eignaðist ekki vini, hvorki þar né í framhaldsskóla. Fæðing dótturinnar ýtti svo undir ákvörðun hans um að hætta í námi. Hann sagðist hafa misst allan áhuga á tveim mikilvægum fögum og hætti að mæta í þá tíma.

Ég fann bara að ég hafði engan áhuga á þessum aðalgreinum ...[...]. Ég bara hætti að mæta í þessa tíma ...[...]. Var bara einn heima ...[...]. Ég kláraði árin ... náði prófunum. Ég ætlaði bara að kláridda ... en þú veist ég þurfti bara að gera það heima fyrir ... ég mætti aldrei í tíma skiluru ... bara þú veist ... var með engan áhuga á þessu. Fyrsta árið var reyndar bara mjög gott ...[...]. Ég breyttist mjög mikið reyndar ...[...]. Sko hluti af eineltinu var að ég var með gleraugu ... mjög þykk gleraugu af því ég var ekki með mjög góða sjón. Þetta var fyrsta árið mitt sem ég fæ að nota linsur ...[...]. Sjálfmyndin er að byrja að styrkjast ...[...]. Mér leið bara mjög vel. Ég var með sama fólkinu þarna öll árin sko ...[...]. Þótt það hafi bara verið meira í skólanum heldur en fyrir utan hann ...[...]. Innan veggja skólans þá vorum við mjög nán. Þá byrja að fá leið á því sem ég var að gera ...[...]. Mér fannst alltaf mjög gott að vera einn sko ... hef kannski átt erfitt með að ... binda tengsl“.

Ólíkt Ella virðist Dabbi hafa verið félagslega sterkur en hann sagði að sér hefði á sínum tíma ekki þótt neitt mál að byrja á eftir jafnöldrunum, eftir tveggja ára hlé frá námi, í framhaldsskóla en hann sér aðeins eftir því í dag. Dabbi talaði um að honum hefði þótt nemendur í fyrsta bóknámsskólanum vera „skrítið fólk og spes“. Hann kannaðist við einhverja þar en fann sig engan veginn. Þegar hann byrjaði í Fjölbrautaskólanum eignaðist hann vini og hann heldur ennþá góðu sambandi við fjóra þeirra en þeir voru allir á svipuðu róli í náminu. Þegar Dabbi kom aftur í skólann eftir dvölinna úti á landi voru þeir útskrifaðir eða að útskrifast úr skólanum og þá nennti hann ekki að halda áfram í bóknáminu þó að hann ætti mjög lítið eftir og hætti.

Þegar viðmælendur töluðu um hvernig þeim leið í bóknáminu tengdu þau það oftast en ekki við félagslegu hliðina á því að vera í skóla. Árdís lenti fyrir tilviljun með tveim stúlkum í bekk þegar hún byrjaði í framhaldsskóla eftir 10. bekk sem höfðu verið með henni í grunnskóla. Þær voru ágætar vinkonur í skólanum en stúlkurnar hættu báðar eftir fyrsta árið og hún eignaðist engar aðrar vinkonur þar. Eftir að vinkonurnar hættu og Árdís fór í aðgerð á öðru ári fannst henni hún ekki komast inn í námið aftur. Áslaug heldur engu sambandi við vini sína úr grunnskóla en er í miklum tengslum við vinina úr fyrra námi. Hún sagðist hafa lent inn í mjög góðum vinahópi og eftir að hún var farin að missa áhugann á náminu mætti hún alltaf í skólann en sleppti því gjarnan að mæta í tíma eða að taka skólatöskuna með að heiman. Ási vildi meina að félagslífið í bóknáminu hefði eiginlega verið of gott. Hann skrúpaði mjög mikið og rétt náði að klára annirnar. Bestu vinir hans eru þeir sem hann kynntist í bóknáminu. Seinustu önnina í skólanum ákváðu hann og vinur hans að skrá sig saman í eins marga áfanga og þeir gætu en það urðu svo áfangarnir sem komu best út hjá honum í bóknáminu. Margir af þeim sem hann var með í félagahóp í bóknámsskólanum voru þeir sem hann var að fikta við neyslu með. Hann sagðist vera mjög mikið hættur að „hanga“ með þeim því hann hafi verið farinn að sjá að þetta var ekki í lagi:

Félagslífið var alveg fíranlega gott þarna og...var að skröpa dáltið mikið var að byrja þarna fyrstu önninni allt í lagi og síðan þarna samt náði maður ekkert nógu mörgum áföngum svosem. Eiginlega bara besti vinur minn þarna núna...þetta er bara gæi sem ég heyri í bara daglega þú veist ...[...]... ég held ég hafi bara hangið daglega með þessum bara í tvö ár núna eða eitthvað ... kannski ... fór ... þess vegna að hanga aðeins minna með þessum hópi. Þó að ég var að hanga með þeim eitthvað daglega í gegnum sumarið þá var ... þau voru bara alltaf að reykja og ég bara fékk mér aldrei neitt.

Ólíkt Ása, Áslaugu og Dabba, eignaðist Berglind aðeins eina vinkonu í fyrri bóknámsskólanum en þær hættu báðar eftir fyrsta árið þar. Henni gekk ágætlega til að byrja með í seinni bóknámsskólanum eftir að hún kom til Reykjavíkur en eignaðist hvorki vini né kunningja, það fór síðan að halla undan fæti á síðustu önninni og hún var orðin svo leið í skólanum að hún hafði sig ekki af stað á morgnana:

Það er mjög finn skóli mjög auðveldur ef þú bara lærir og ferð yfir allt sem þú átt að gera og mér hefur yfirleitt alltaf gengið vel þar nema bara á síðustu önn að þá bara metnaðurinn minn var alveg farinn. Það var bara ég var ekkert að kynnst neinum og var bara svona soldið leið á skólanum fannst þetta bara vera orðið leiðinlegt umhverfi sko þá náttúrulega bara dofna metnaðurinn. Það má eiginlega bara segja það að ég hafi verið alveg gjörsamlega metnaðarlaus ... og samt langaði mig ekki að gefast upp sko Ég hafði oft hugsað það að skipta yfir í verknám eða þannig...ég bara vissi aldrei hvað en ég hafði oft hugsað um hárgreiðslu til dæmis eða ... kokkinn eða eitthvað svona ... ákvað síðan bara að prófa að sækja um í ...[...]... var ekkert að gera mér of miklar vonir ... en ... síðan var bara samþykkt og síðan var ekki aftur snúið.

Staðan hjá Jóa er svolítið frábrugðin hinum því bóknámið og starfsnámið eru innan sama húsnæðis, fjölbrautaskólinn sem hann stundar nám við býður bæði upp á bóknámsbrautir og starfs-/verknámsbrautir. Hann var farinn að missa áhugann á bóknáminu og árangurinn var orðinn lakari, því leitaði hann til námsráðgjafa í skólanum sem benti honum á aðra möguleika.

Dóra sótti um í Verslunarskólanum ásamt vinkonuhópnum úr grunnskóla en hún var sú eina af þeim sem komst ekki inn. Dóra sagði að í fyrri bóknámi hefði hún eignast sína bestu vinkonu en þær fylgdust svo að þegar þær skiptu yfir í seinni bóknámsskólann eftir að hafa misst áhugann á þeim fyrri, auk þess sem námsárangur varð lakari og kláruðu hann á sama tíma. Hún var viss um að hún hefði ekki verið heil tvö ár í fyrri bóknámsskólanum ef þær hefðu ekki kynnst. Hún heldur engu sambandi við aðra bekkjarfélaga úr fyrri bóknámsskólanum:

Ég sótti um *Ákveðinn menntaskóla* í fyrsta sæti, þangað fóru allar vinkonur mínar, nema ég ...[...]... besta vinkona mín í dag er sú sem ég kynntist, var með mér í bekk í Menntaskólanum ...[...]... vinkona mín kom með mér, færðum okkur saman yfir í Fjölbrautaskólann.

Ef dregnar eru saman niðurstöður um bóknámið þegar skoðuð er líðan í námi, félagatengsl og hvað er líklegt til að hafa áhrifa á það að viðmælendur hættu í bóknáminu, kemur í ljós að Árdís, Elli og Berglind töluðu um að hafa ekki eignast vini eða vinkonur í fyrra námi og hættu án þess að klára. Þó að Elli hafi aðeins átt eitt ár eftir hafði hann sig ekki í að klára námið sökum áhugaleysis. Áslaug, Ási, Dabbi, Jói og Dóra töluðu öll um að samveran við vinina hefði orðið til þess að þau voru þó þetta lengi í náminu. Áslaug og Dabbi hættu í bóknámsskólunum þegar vinirnir fóru að útskrifast, Dóra kláraði bóknámsskólann með vinkonu sinni en Ási og Jói töluðu um að það hefði skipt mjög miklu máli að vera samferða vinum sínum í náminu. Öll nema Dabbi tóku fram að áhugaleysi væri ein ástæðan fyrir því að þau hættu í bóknáminu.

Þrír viðmælenda hættu í námi þar sem þeir höfðu engin félagatengsl og fimm þeirra segja að samvistir við vini og vinkonur hafi skipt sköpum varðandi það að finna sig í skólanum. Auk þess nefndu sex þeirra að á einum eða öðrum tímamarki hefðu þeir verið farnir að missa áhuga á bóknáminu og það hafi stutt ákvörðunina um að hætta.

3.3 Að velja starfsnám

Ástæðurnar fyrir því að þátttakendur skiptu um nám voru misjafnar en þeir sögðu meðal annars að þeim hafi verið farið að gangi illa í bóknáminu, verið farnir að missa áhugann og félagarnir verið að hverfa úr því námi. Þátttakendur voru allir mjög sáttir við að hafa skipt um nám og við starfsnámið sem slíkt. Margvíslegar ástæður voru fyrir því hvers vegna þátttakendur völdu það nám sem þeir völdu, einhverjir þeirra áttu fyrirmyndir sem tengdust faginu. Framtíðarsýn allra nema eins tengdist faginu sem þau eru eða voru að nema.

3.3.1 „Ég hafði oft hugsað það að skipta yfir í verknám“

Leiðir þátttakenda að starfsnáminu voru margvíslegar, hugmyndin að námsvalinu kom héðan og þaðan. Til dæmis hafði Árdís látið sig dreyma um fagið í starfsnáminu síðan hún var lítil stúlka en hugmyndin var upphaflega sú að klára stúdentinn og fara svo í starfsnámið. Hún sagði aftur á móti að sér hefði þótt svo gaman í skólanum í starfsnáminu að hún hefði ekki getað hugsað sér að skrópa. Árdís talaði um kennara úr starfsnáminu sem fyrirmynd en hún kynntist henni þó ekki fyrr en eftir að hún hóf nám í faginu.

Hugmyndina að starfsnáminu fékk Elli aftur á móti þegar hann var orðinn leiður á verkamannavinnunni sem hann var í á þeim tíma og sá auglýsingu um námið í blöðunum. Auk þess hafði fjölskyldan bent honum á að hugsanlega hefði hann hæfileika á vikomandi sviði. Hann hafði ekki fundið sig félagslega í skóla, hvorki í grunnskóla né í bóknáminu, ekki

fyrir en hann byrjaði í starfsnáminu en þau voru sjö eða átta saman í náminu. Upplifunin af eineltinu í grunnskóla fylgdi honum í bóknámið og hann sagðist hafa átt erfitt með að treysta fólki fyrir en hann fór í starfsnámið og kynntist þeim sem voru með honum þar:

Ég var mjög feiminn á þessum árum ...[...]. Ég var þessi ...[...]. Íþróttatýpa ...[...]. Vildi bara vera í íþróttum ...[...]. Í staðinn fóru þau bara að pikkast á okkur skiluru sem vorum bara eins og við vorum ... til þess að sýnast vera meiri. Ég sé mig eiginlega búa erlendis eftir 10 ár ...mig langar nefnilega að læra *sérhæfingu* ...og það er náttúrulega ekki kennt hérna heima. Ég sé fyrir mér að læra þetta ... annað hvort í Svíþjóð eða Kanada ...[...]. Eftir 10 ár ... og starfa við ... þá *fagið* ...[...]. Það er fjölskylda. Ég held að þetta hafi verið bestu níu mánuðir lífs míns ...[...]. Verklega námið ...[...]. Ég hef aldrei lent í jafn góðum hóp á æfinni ... einn af mínum bestu vinum kemur þaðan sko ... í dag.

Áslaug segist hins vegar ekki hafa verið tilbúin til að fara í starfsnám þegar hún var 16 ára en taldi sig mjög tilbúna til þess þegar hún byrjaði loks í því. Henni fannst hún þurfa að finna sér eitthvað nám sem myndi leiða til starfs og allt í einu fékk hún hugljómun um að drífa sig í starfsnámið en móðir hennar starfar þar sem það er kennt og hún hélt að hugsanlega hefði hugmyndin komið þaðan. Hún gat ekki hugsað sér neitt fimm ára nám í háskóla og sá enga vinnu út úr því en er til í að vinna við fagið sem hún lærir í starfsnáminu í 50 ár. Það var engin sem hún þekkti sem starfaði við fagið áður en hún hóf nám í því:

Ekkert svona ein manneskja mig langar að vera eins og þessi ...[...]. Dugleg að vera ekki að stressast yfir öllum hlutum ... hvað ég vildi að ég gæti stressað mig minna yfir hlutunum ... meira svona ...[...]. Eiginleiki úr hinum og þessum manneskjum sem að svona safnast saman ...[...]. Mér hefur aldrei þótt erfitt að standa upp og tala fyrir framan fullt af fólki ...[...]. Gekkt alveg ágætlega í stóru upplestrarkeppninni á sínum tíma ...[...]. Vera svona að stjórna söng á ... kvöldvökum standa fyrir framan tugi jafnvel hundruðu manns ...[...]. Svona þannig sjálfstraust hefur ekki vantað.

Ási sagði að bóknám hefði ekki verið að gera neitt fyrir sig og því hefði hann farið að horfa eftir iðn- eða starfsnámi. Hann sagðist hitta reglulega mann sem starfar við fagið og sá maður lætur mjög vel af því. Ási lítur mjög upp til þessa manns og ákvað því að sækja um í starfsnáminu og komst inn. Hann sagði að það munaði mestu um að þurfa ekki að læra heima. Þegar rætt var við Ása hafði hann aðeins verið í starfsnáminu í tæpa tvo mánuði en hann sagðist líta mjög upp til fagmannsins sem hvatti hann til að fara í seinna námið:

Þú veist ég sá þetta var bara þarna í *starfsnáminu* svo bara ákvað ég að fara í eitthvað í ...[...]. Eitthvað annað en bóknám því það var augljóslega ekki að gera neitt fyrir mig ég var bara eitthvað *Fjölbraut* af því þetta var bara eitthvað hættulega gott félagslíf eða eitthvað slíkt. Það var reyndar félagsfræðikennarinn minn var reyndar rosa skemmtilegur þarna ... hann kallaði mig alltaf þarna höfðingja bekkjarins ...[...]. En fyrirmynd ...[...]. Það væri þá kannski *kunningi* minn hann var

algjör fyrirmynd alltaf...hann átti stóran þátt í því að ég sótti um ekki það að hann hafi hvatt mig til þess.

Eins og áður hefur komið fram var Berglind orðin mjög leið í bóknáminu og eftir að hafa skoðað ýmsa möguleika, kynnti hún sér málið hjá fólki sem hún þekkir vel og starfar við fagið í heimabæ hennar. Henni fannst þetta fag áhugaverðast af því sem hún skoðaði, sótti um í starfsnáminu og komst inn. Hún sagðist hafa verið orðin alveg metnaðarlaus gagnvart bóknáminu og var búin að gefast upp. Berglind er aftur á móti mjög sátt við starfsnámið.

Dabbi er aðeins eldri en hinir þátttakendurnir og sker sig því úr að mörgu leyti. Til dæmis datt hann út úr bóknámi þegar félagar hans voru smátt og smátt að útskrifast en auk þess fór hann út í fyrirtækjarekstur í þrjú til fjögur ár. Þegar hann varð þreyttur á því ákvað hann að snúa sér að allt öðru og fór að læra þá iðn sem hann lærði síðar í starfsnáminu en fljótlega eftir að hann byrjaði í það skipti, kom efnahagshrunið og hann missti vinnu sem tengdist iðninni. Hann vann þá vinnu sem bauðst við þjónustustörf í nokkur misseri en ákvað svo að drífa sig í starfsnámið og kláraði sveinspróf í iðninni í janúar 2013 og tók stúdentsprófið í leiðinni. Ein af ástæðunum fyrir því Dabbi valdi þess tilteknu iðn sagði hann vera að vinnan væri yfirleitt mjög hreinleg og jafnvel notuðu fagmenn hvíta hanska við vinnu sína en auk þess er vinnan þess eðlis að hann er mikið á flakki sem hentar honum mjög vel. Staðan hjá Dabba í starfsnáminu er aðeins öðruvísi en hjá hinum þar sem hann þurfti litlu að bæta við sig í skólanum sjálfum og hefur verið að vinna mikið með náminu. Hann sagði að hann kynni mjög vel við starfsumhverfið, sérstaklega það að hitta mikið af fólki og vera ekki alltaf að vinna á sama stað. Þegar Dabbi var spurður hvort hann ætti sér einhverjar fyrirmyndir í lífinu var hann snöggur upp á lagið og svaraði án þess að hugsa sig um: „engar“:

Þegar ég var að skoða iðngreinar og svona fannst mér fagið mitt vera best því það er mjög opið fyrir Háskólanum ...[...]... þegar ég er í vinnunni þá er ég rosalega mikið að fara á milli rosalega aktívur skiluru ...[...]... ég veit ekki hvort ég myndi nenna að vera kannski bara alltaf fastur í einu herbergi. Ég hugsa að ef ég myndi taka Háskólann að þá myndi það vera tengt iðngreinum að þá væri það tæknifræðingur eða ...[...]... að þá er það eitthvað svona tengt einhverri iðn.

Jói valdi braut í bóknáminu sem átti svo engan veginn við hann. Eftir að hafa leitað til námsráðgjafa í skólanum tók hann ákvörðun um að skipta yfir á starfsnámsbraut, en honum fannst fögín á viðkomandi braut vera mjög áhugaverð. Það vill þannig til að bóknámið og starfsnámið eru í sama skólanum. Jói tekur mikinn þátt í félagslífinu í skólanum eftir að hann byrjaði í starfsnáminu og hann sagðist hafa kynnst mörgum krökkum í náminu en fannst mjög

gott að félagarnir voru með honum til að byrja með. Hann talaði samt um að það hefði skipt hann „*alveg rosa miklu máli*“ að vinirnir hefðu byrjað með honum í bóknáminu en eftir að hann færði sig yfir í starfsnámið hafa tveir þeirra fylgt á eftir en það finnst honum vera mikil hvatning. Fyrirmyndir Jóa eru uppfinningamennirnir Leonardo Da Vinci og Tesla (**AR**: samkvæmt alfræðivefritinu wikipedia var Nikolai Tesla serbnesk- bandarískur uppfinningamaður, eðlisfræðingur, véla- og rafmagnsverkfræðingur. Sjá: http://is.wikipedia.org/wiki/Nikola_Tesla (sótt: 23.apríl, 2013.)). En hann þekkti ekki til þeirra fyrir en eftir að hann byrjaði í náminu:

Síðan endaði þetta bara í því að eftir fyrstu tvær annirnar þá var ég eiginlega kominn með nóg þá fór ég yfir á *starfsnámsbrautina* ...[...]... mér fannst það skipta rosalega miklu máli. Það var þarna nokkrir sem ég þekkti sko frá *Grunnskóla*. Var bara með þeim skiluru svo er þetta alltaf mat skiluru að vera í kaffinu og svona þetta er bara sitt borð fyrir hópinn sko.

Líkt og Árdísí dreymdi Dóru um að starfa við það sem hún er að læra í starfsnáminu frá því hún var lítil stúlka. Hún hafði samt sem áður mjög gaman af Fjölbrautaskólanum í bóknáminu en nemendur sem klára það eiga aukna möguleika á að fá starf í ákveðnum geira atvinnulífsins. Hún er alveg sannfærð um að það sem hún lærir í starfsnáminu nýtist vel með bóknáminu. Dóra telur að það sé mikill kostur að hafa bæði bóklegt og verklegt nám í farteskinu.

Þegar ég ákvað að fara í þetta þá einhvern veginn var þetta gamall draumur einhvern veginn og ég veit ekki, ég er svo hlynnt því að maður sé með eitthvað verknám þó maður sé líka í bóknámi. Að maður sé með bæði og þetta eykur möguleikana á vinnu í framtíðinni eins og ég hugsa mér að klára þetta og mögulega kannski fá mér kennararéttindi í þessu eða þá að taka einhvers konar viðskiptafræði og stofna eigin stofu ...[...]... þau eru að endurskoða brautina.

Þegar skoðað er hvers vegna þátttakendur völdu það starfsnám sem þeir völdu má sjá að Árdís og Dóra völdu fag sem þær hafði dreymt um frá þær voru litlar stúlkur en þær nefndu ekki hvers vegna þetta tiltekna fag var draumafagið. Ási og Berglind þekktu fólk úr faginu sem var þeim til fyrirmyndar. Áslaug fékk hugmyndina með aðstoð móður sinnar. Elli fékk hugmyndina að sínu námi þegar hann var að fletta blöðunum og rakst á auglýsingu um námið. Dabbi hafði séð menn úr sínu fagi á vettvangi og fannst heillandi hvað þeir voru snyrtilegir en voru samt með mjög fjölbreyttan starfsvettvang. Jói fékk hugmyndina að sínu námi í viðtali við námráðgjafa. Áslaug, Ási, Berglind og Jói nefndu öll að það hefði verið léttir að losna við heimalærdóminn við það að skipta yfir í starfsnámið.

3.3.2 „Núna er ég bara mjög ánægð með lífið mitt...með stefnuna sem ég er að taka“

Að lokum var skoðað hvort þátttakendur telji sig vera sátta við námsvalið, hvaða áhrif þeir telja námsskiptin hafi haft á sig og hvort þeir sjái fyrir sér að starfa við fagið í framtíðinni. Þó að Árdís hafi ekki fundið sig í vinnuumhverfinu sem tengist hennar fagi hefur hún ánægju af faginu sem slíku og nýtir sér það sem aukavinnu. Þegar viðtalið var tekið var hún til dæmis enn að velta því fyrir sér hvaða slóðir hún muni feta í námsferlinu. Henni finnst samt mjög mikilvægt að vinna við eitthvað sem henni finnst skemmtilegt. Elli er mun ákveðnari og stefnir að því að fara erlendis og sérhæfa sig í faginu sem hann lærði í starfsnáminu. Einnig vonast hann til þess að vera kominn með fjölskyldu á þeim tíma. Áslaug líkt og Elli stefnir að því að vera farin að vinna við fagið sem hún er að læra í starfsnámi. Hana langar til að ferðast meira áður en hún stofnar fjölskyldu. Ási virtist hins vegar lítið hafa velt fyrir sér framtíðinni því þegar hann var spurður hvar hann yrði í tilverunni eftir 10 ár varð hann hálf hvumsa og fannst hugmyndin órafjarlæg. Þeir félagarnir höfðu eitthvað talað um að fara að leigja saman en bjóst hann ekki við að þeir væru enn að því 29 ára. Þegar hann hafði hugsað sig um í smá stund sagðist hann gera ráð fyrir því að vera farinn að vinna við fagið, væri kominn með maka, íbúð og ætti „basic“ bíl. Hugmyndir Berglindar voru mun mótaðri en hugmyndir Ása því hún talaði um að eftir 10 ár langar hana mest, auk þess að vera starfandi við fagið, til að vera virk í hestamennskunni, eiga mann, börn og hund. Hún er ekki viss um hvort hún vilji búa á Íslandi eða erlendis eða hvort hún vilji búa á höfðuborgarsvæðinu eða utan þess. Hún sagði að hestamennskan í tilverunni væru algjört skilyrði hvar sem hún væri:

Pottþétt með hesta ... alveg pottþétt guð má vita hvort ég verð á Íslandi eða í útlöndum *Heima* eða Reykjavík ... bara vonandi með kærastanum mínum ...[...]... og í vinnu við fagið. Maður vill mest og vill náttúrulega fyrst og fremst velgengni og ánægju. Skilyrði að það séu hross ... það fer náttúrulega eftir því hvort það er einhverja vinnu að hafa núna er ég bara mjög ánægð með lífið mitt ...[...]... ég er ánægð með stefnuna sem ég er að taka. Ég hef reynt að vera bara sterk í gegnum tíðina ... ég meina ég hef þurft að ... þola skilnað foreldra minna sem að hefur verið rosalegt í gegnum tíðina því að þau hafa aldrei orðið vinir aftur ...[...]... ég var alltaf á milli sko ... og systur mínar þurftu yfirleitt að verja mig. Það hefur í rauninni bara styrkt mig í gegnum tíðina og ég hef alltaf verið frekar sjálfstæð og ...[...]... ég lét ekki ganga yfir mig.

Dabbi sér fyrir sér að vera starfandi við fagið sitt eða jafnvel kominn með skrifstofustarf þó hann eigi mjög erfitt með það í dag að sitja lengi kyrr. Hann, líkt og Elli, Dóra, Berglind og Áslaug, sér jafnvel fyrir sér að fara eitthvað út fyrir landsteinana. Líklega verði hann kominn með tvö börn og farinn að búa einhvers staðar á Norðurlöndunum því þar séu lífskjörin mikið betri en á Íslandi.

Jói hefur mikla trú á sér sem námsmanni. Hann segist eiga auðvelt með raungreinarnar en hafi bara mjög lítinn áhuga á þeim. Hann sagði frá því að fjölskyldan væri farin að leita til hans varðandi fagið sem hann er að læra. Jói hafði ekkert velt framtíðinni fyrir sér en þegar hann hafði hugsað sig um í smá stund sagðist hann ætla að bæta við sig frekara námi eftir starfsnámið og að hann langaði til að búa til tónlist:

Ég er döldið óviss með það hvert ég er að stefna út af því að ég er í *starfsnáminu* og er að hugsa um að fara í rafmagnsverkfræðina en ég er líka að hugsa um það að fara að búa til tónlist þetta er líka grunnnám fyrir það ...[...]... það er líka foreldrar mínir finnst rosalega gott að ég sé ...[...]... skipta um ...[...]... heima hjá þeim taka þetta skipta um þetta þau hefðu þurft að hringja í ...[...]....

Dóra ólíkt Jóa hefur velt fyrir sér framtíðinni og ætlar að vera flutt að heiman eftir 10 ár. Hana langar til að stofna fyrirtæki tengt faginu því hún vill það frekar en að vera að vinna hjá öðrum og hún vill líka vera komin með fjölskyldu. Áður en þetta allt gerist langar hana til að fá vinnu við fagið sitt á skemmtiferðaskipi í eitt til tvö ár.

Áður en ég eignast fjölskyldu langar mig að fara í heimsreisu og mig langar að fara að vinna á skemmtiferðaskipi sem ...[...]... það er svona eitthvað sem ég er til í að prófa í eitt til tvö ár. Ég held ég vildi frekar vera í eigin fyrirtækjarekstri heldur en vinna hjá einhverjum öðrum.

Til að eiga auðveldara með að nálgast heildarniðurstöður er gott að rifja upp að Árdís og Dóra áttu sér báðar gamlan draum um fagið sem þær lögðu stund á í starfsnáminu. Öll nema Dóra misstu áhuga á fyrra námi en Dóra missti samt áhugann á Menntaskóla í bóknámi og skipti yfir í Fjölbrautaskóla. Þó að áhugaleysi sé sameiginleg ástæða hjá þeim öllum á einhverjum tímamarki þá er leiðin að áhugaleysisinu mislöng og misgrýtt. Félagatengslin hafa áhrif hjá þeim öllum, það er að segja þau sem áttu ekki góð félagatengsl í fyrra námi segja það skipta miklu máli í seinna námi að hafa náð góðum félagatengslum. Sjálfstraust þeirra allra virðist hafa laskast að einhverju leyti í uppvextinum en öll töluðu þau eins og það væri betra eða að lagast. Dabbi virðist hafa skýrari sjálfsmýnd en þau hin, hann sagðist alltaf hafa átt auðvelt með að kynnast fólki, þannig að skortur á félögum var aldrei vandamál fyrir hann. Hins vegar mátti skynja biturð vegna mikilla flutninga þegar hann var spurður hvers vegna þau hefðu flutt svona mikið: „*spurðu mömmu*“. Eins þegar hann talaði um föður sinn: „*hann hefði alveg mátt hitta okkur oft*“. Þegar þau töluðu um fyrirmyndir er áhugavert að veita því athygli að sex þeirra nefndu einstaklinga sem þau hafa kynnst í lífinu, eitt nefndi heimsþekktar fyrirmyndir og eitt þeirra ekki eiga sér neina fyrirmynd. Val þeirra á starfsnámi byggist á gömlum draumum, fyrirmyndum í viðkomandi fagi, hugmyndum frá fólki í umhverfi

þátttakenda eða auglýsingum í blöðum. Þátttakendur eru allir ánægðir með val sitt á starfsnámi og telja að það hafi haft jákvæð áhrif á líðan sína en allir nema Árdís sjá fyrir sér að vera starfandi við fagið í framtíðinni.

Þegar niðurstöður er dregnar saman má sjá að yfirleitt er námsval þátttakenda í upphafi ekki mjög ígrundað, hvort sem um er að ræða áhrifaríkar kynningar frá framhaldsskólunum eða það að þeir komast ekki inn í þá skóla sem þeir sóttust mest eftir. Námsskiptin má alltaf rekja til félagslegra þátta. Ýmist eru þátttakendur lengi í námi sem þeir hafa engan áhuga á þangað til vinkonur og vinir fara að útskrifast eða þeir finna sig ekki félagslega í skólanum og fara því smá saman að flosna upp úr námi. Öll hafa þau lent í einhvers konar áföllum í lífinu hvort sem þau tengjast aðstæðum heima fyrir eða í grunnskóla. Líklegt er að slík áföll hafi áhrif á sjálfmynd eða sjálfstraust sem getur svo haft áhrif á hversu vel ákvarðanir varðandi atriði eins og náms- og starfsferil eru ígrundaðar. Öll telja þau að sú reynsla að skipta um nám hafi verið jákvæð fyrir þau og eru sátt við hana, einnig Árdís sem kaus að hætta að starfa við fagið og snúa sér að öðru.

4 Umræður

Markmiðið með þessari rannsókn var að fá innsýn í upplifun einstaklinga sem hafa skipt frá bóknámi yfir í starfsnám á framhaldsskólastigi. Lögð var áhersla á að skoða hvað þátttakendur töldu hafa áhrif á eða stýra námsvali úr 10. bekk, hvað varð til þess að þeir skiptu svo um nám og hvað hafði áhrif á að þeir völdu tiltekið starfsnám. Það kom í ljós að námsval að loknum grunnskóla var yfirhöfuð frekar ómarkvisst eða tilviljanakennt og félagsleg tengsl eða skortur á þeim í skólanum höfðu mikil áhrif á skuldbindingu nemenda gagnvart náminu. Þeir þátttakendur sem komust inn í þann skóla sem þeir settu í fyrsta val byggðu val sitt gjarnan á öðru en áhuga á náminu sem slíku, aðrir þátttakendur fóru í þá skóla sem þeir settu í annað eða þriðja val. Reyndar sker einn þeirra sig úr þar sem hann byrjaði átján ára og var eina önn í skóla sem var fyrsta val hjá honum en fann sig engan veginn og færði sig yfir í annan skóla. Öll vildu þau klára nám á framhaldsskólastigi og þurftu að yfirstíga margvíslegar hindranir á leið sinni í það nám sem þau fundu sig svo í. Við vinnslu gagna kom í ljós að félagslegi hluti námsins skiptir nemendum gríðarlegu miklu máli. Bæði virtust nemendur ilengjast í námi sem þeir höfðu lítinn eða engan áhuga á ef þeir fundu sig félagslega og eins virtust þeir líklegir til að hætta í námi sem þeim gekk ágætlega í í upphafi en fundu sig ekki félagslega.

4.1 Aðdragandi námsskipta og námsskiptin

Leiðir þátttakenda að námsvali eftir 10. bekk eru mismunandi en þeir áttu það sameiginlegt að hafa allir orðið fyrir einhverjum áföllum eða mótlæti á grunnskólaaldri. Ýmist var um að ræða áföll heima fyrir eins og flutninga eða skilnað foreldra eða stríðni og einelti í grunnskólanum en hugsanlega geta slík áföll haft truflandi áhrif á ákvarðantöku ungmenna þegar kemur að því að velja sér nám- og starfsferil (Rumberger og Lim, 2008). Segja má að námsvalið þeirra einkennist af því að vera ekki mjög ígrundað. Það má sjá á því að orðspor eða vinsældir skólanna virtust ráða töluverðu um það hvert þátttakendur stefndu. Þeir þátttakenda töldu að stúdentspróf væri lykill að auknum möguleikum í námi og starfi en einn þeirra var ákveðinn í því frá upphafi að fara í starfsnám eftir að stúdentsprófinu væri náð, viðkomandi kláraði starfsnámið án þess að ljúka stúdentsprófi.

Ástæða þess að þátttakendur skiptu um skóla var oft af félagslegum toga þar sem þeir fundu sig ekki félagslega í skólanum, eignuðust fáa vini og fundu ekki fyrir áhuga á náminu hvort sem ástæðan var námið sem slíkt eða það að eiga ekki félag og vini í skólanum. Lífshlaups- eða ævikenningar Super (1990) og Gottfredsson (2005) lýsa því ferli sem á sér stað hjá börnum og ungmennum við ákvarðanatöku um nám og störf sem ævilöngu ferli þar sem einstaklingurinn mótast af erfðum og umhverfi. Hvort um sig hefur áhrif á það hvernig

einstaklingurinn og áhugasvið hans þróast í átt til ákvarðanatöku um náms- og starfsferil. Þátttakendur rannsóknarinnar eru ungmenni sem eru að hefja leitina að því sem þau vilja gera í framtíðinni og því er mikilvægt að hafa það ferli í huga í þessari umfjöllun.

4.1.1 Grunnskólaganga

Flestum þátttakendum hafði ekki liðið neitt sérstaklega vel á grunnskólaaldri. Ástæðurnar var ýmist að finna heima fyrir eða í skólanum. Þegar dregnar eru saman niðurstöður varðandi bakgrunn þátttakenda eða áhrif og upplifun af grunnskólagöngu og bakgrunnur foreldra finnst mér líklegt að þættir í uppeldi þátttakenda eins og skilnaður foreldra, flutningar eða jafnvel menntun eða skortur á menntun foreldra skýri að hluta til óákveðni þátttakenda í námsvali. Samkvæmt kenningum Krumboltz (2009) um skipulagða tilviljun (*e.planned happenstance theory*) hafa óvæntir jafnt sem skipulagðir atburðir í lífinu áhrif á það hvernig náms- og starfsferill einstaklinga þróast. Þannig að fyrst þátttakendur hafa orðið fyrir áföllum eða mótbyr eins og til dæmis skilnaði foreldra, stríðni eða einelti, á grunnskólaaldri er mjög líklegt að það hafi haft áhrif á upplifun þeirra á umhverfinu og þar með talið myndun félagatengsla og lítið ígrundað námsval. Auk þess þróast áhugi á námi og störfum í átt að því hvar trú þeirra á eigin færni liggur, en það er eðli manneskjunnar að bregðast mjög fljótt og afgerandi við umhverfi sínu (Isaacson & Brown, 2000; Krumboltz, 2009; Rumberger & Liam, 2008). Þegar þátttakendur í rannsókninni fóru að finna fyrir áhugaleysi gagnvart bóknáminu fóru þeir að endurskoða stöðu sína og völdu sér starfnám sem vakti með þeim áhuga.

4.1.2 Námsval

Til að fá innsýn í hvað liggur að baki fyrsta námsvali þátttakenda voru þemun bakgrunnur, grunnskóli og líðan í honum, fyrirmyndir og tengsl við foreldra skoðuð. Flestir þeirra eru aldir upp á höfuðborgarsvæðinu eða sex af átta. Einn er alinn upp úti á landi og einn erlendis en að hluta til og frá 14 ára aldri á höfuðborgarsvæðinu. Fimm af átta eiga frásýlda foreldra. Það er tiltölulega algengt að námsval nemenda út 10. bekk sé óígrundað en þátttakendur eiga það engu að síður sameiginlegt að hafa orðið fyrir einhvers konar áföllum eða álagi í lífinu sem er líklegt til að hafa áhrif á færni þeirra til að taka ákvarðanir um náms- og starfsferil sinn. Eins og fram kom í rannsókn Rumberger og Lim (2008) eru nemendur á unglingsaldri viðkvæmir fyrir breytingum í lífinu en líklegt er að flutningar eða aðrar breytingar á heimilishaldi hafi haft áhrif á þá þátttakendur sem upplifðu slíkt. Til dæmis ef einhver flytur inn eða út af heimilinu getur það valdið einhvers konar áfallsáhrifum sem verða til þess að ákvarðanir um fyrirbæri eins og náms- og starfsval verði minna ígrundaðar en annars hefði orðið.

Rúmur helmingur þátttakenda í rannsókninni eða fimm af átta ólust upp hjá einu foreldri eða fráskildum foreldrum en nemendur í þeim aðstæðum voru samkvæmt rannsókn sem gerð var í Austur-Noregi líklegastir til að breyta um námsleið (Markussen og Sandberg, 2005). Einnig kom fram í þeirri rannsókn að helmingi fleiri þeirra sem ekki komust í það nám sem þeir höfðu í fyrsta vali, skiptu um námsleið, umfram þá sem komust í það nám sem var í fyrsta vali. Foreldrar viðmælenda eru með mismunandi bakgrunn en hugsanlega hefur staða og menntun foreldra áhrif á hvaða leiðir viðmælendur völdu á sinni skólagöngu. Þegar nám og starf foreldra er skoðað er gott að hafa í huga að sumir þátttakenda eiga eitt til tvö stjúpforeldri og heildarfjöldi foreldra þátttakenda er 23. Það kemur í ljós að einn þátttakenda á foreldri sem hefur lokið kennaraprófi, annað foreldri er með stúdentspróf, fjórir foreldrar hafa lokið námi til starfs en annars hafa foreldrar viðmælenda yfirleitt ekki lokið námi umfram grunnskóla. Fjórir af þátttakendum áttu foreldra í sjálfstæðum rekstri.

Piaget segir í kenningum sínum að það sé ekki fyrr en á unglingsaldri sem hugurinn öðlist færni til að leita úrlausna og skipuleggja eða það sem hann kallar formlega hugsun (*e.formal thought*) (Driver, 1982; Sharf, 2010). Velta má fyrir sér hvort þátttakendur í rannsókninni hafi verið tilbúnir til að gera sér grein fyrir gildum sínum, markmiðum og áhugasviði þegar koma að því að velja sér framhaldsskóla. Sérstaklega í ljósi þess að allir höfðu þeir upplifað einhvers konar álag á lífsskeiðinu en slíkt getur haft áhrif á þroskaferil manneskjunnar.

Samkvæmt Super (1990) eru sum ungmenni á aldrinum 15 – 16 ára farin að öðlast færni til að geta tekið ákvarðanir um náms- og starfsferil sinn sem byggja á markmiðum þeirra og gildum. Ekki er víst að þau fari eftir áhuga, hæfni og gildum en þau ættu að hafa rökhugsun til að taka ákvörðun. Á þessum aldri ættu þau að hafa öðlast þroska til að meta gildi eða áhuga varðandi þætti eins og hvort þeim finnst mikilvægara að vinna við eitthvað sem þeim finnst skemmtilegt eða afla hárra tekna. Þegar ungmennin hafa öðlast ofangreinda færni eða hugsun eru þau tilbún til að fara á næsta stig sem er það stig þar sem þau eru tilbún til að taka ákvörðun um náms- og starfsferil. Super talar um að það sé eftir gagnfræðaskóla (*e.high school*) en þá eru amerískir nemendur 17-18 ára. Íslenska skólakerfið er hins vegar þannig upp byggt að öllum er gert að velja sér feril í kringum 16 ára aldur þó að vitað sé að þroski ungmenna sé mismunandi á þeim aldri (Sharf, 2010; Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2000). Gottfredson (2005) segir að ekki sé hægt að veita börnum beina ráðgjöf um náms- og starfsval heldur frekar gefa þeim upplýsingar um nám og störf. Auk þess gera þau sér ekki endilega grein fyrir að hafa meðtekið upplýsingarnar fyrr en jafnvel á unglingsárum (Sharf, 2010). Þátttakendurnir í rannsókninni nefndu það ekki að hafa fengið sérstaka náms- og starfsfræðslu

í grunnskóla en líklegt er að þau hafi leitað til námsráðgjafa eftir að hafa skipt yfir í starfsnám þar sem þátttaka flestra þeirra í rannsókninn kom til í gegnum námsráðgjafa í viðkomandi skólum. Nokkur þeirra sem voru á höfuðborgarsvæðinu sögðu að framhaldsskólarnir hefðu auglýst opið hús hjá sér í grunnskólunum þeirra, sem þau nýttu sér. En samkvæmt Gottfredson er ekkert víst að þau myndu muna eftir náms- og starfsfræðslu til að segja frá því (Sharf, 2010).

4.1.3 Skipt um nám

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (2000) gerði rannsókn þar sem skoðuð voru áhrif náms- og starfsfræðslu á ákvarðanatöku nemenda í 10. bekk, um nám í framhaldsskólum. Hún taldi það áhyggjuefni að 26% nemenda gátu ekki sagt til um það í maí hvaða námsbraut þeir ætluðu að velja en hún taldi það geta boðið heim flakki á milli námsbrauta eftir að í framhaldsskólana er komið. Þrír af átta þátttakendum í rannsókninni fóru í aðra skóla en þeir völdu í fyrsta vali og þrír af hinum fimm létu námsvalið stjórnast af öðru en áhuga á náminu sjálfu. Mögulegt er að óákveðnin hafi ýtt undir námsskipti hjá sex af átta ungmennanna. Það sem þau eiga öll sameiginlegt er að áhuginn á náminu sem slíku var ekki nægur til að klára það, hvort sem ástæðan fyrir áhugaleysinu var námsefnið sjálft eða skortur á félagslegum tengslum í skólanum. Einnig er hugsanlegt að hluti þeirra hafi hreinlega ekki ráðið við það nám sem þau völdu í bóknámi því mörg þeirra töluðu um hversu gott það væri að þurfa ekki að læra heima.

Allir þátttakendur í rannsókninni upplifðu sig á einhverjum tímamarki í einhvers konar „klúður-aðstæðum“ gagnvart náminu sínu. Til að nemendur almennt, líti ekki á það sem hræðilegt klúður og fari að rífa sig niður fyrir að hafa ekki staðið undir eigin væntingum þegar þeir taka ákvörðun um að hætta í einu námi og skipta í annað er gott að styðjast við félagsnámskenningar (*e.social learning theory*) Krumboltz (2009). Þar er talað um kenninguna um óvænt skipulag (*e.planned happenstance theory*) sem jákvæða og hvetjandi leið til að breyta því að vera óákveðin (*e.indecision*) í það að vera opin fyrir nýjum hugmyndum (*e.open-mindedness*). Þegar þessi kenning er nýtt í ráðgjöf er lögð áhersla á fimm eiginleika sem hægt er að kenna þátttakendum að nýta sér til að komast í gegnum könnunarstigið. Þeir eru forvitni (*e.curiosity*) til að skoða nýja möguleika, seigla (*e.persistence*) til að gefast ekki upp þó móti blási, sveigjanleiki (*e.flexibility*) til að vera tilbúin til þess að aðlagast nýjum aðstæðum, bjartsýni (*e.optimism*) til að vera tilbúin til að sjá tækifærin í kringum sig og áhættusækni (*e.risk taking*) sem gerir þátttakendum kleift að takast á við nýjar aðstæður í lífinu (Sharf, 2010). Allir þátttakendur í rannsókninni upplifðu sig á einhverjum tímamarki í námsferlinum í einhvers konar „klúður“ stöðu en ég tel að með því

að nýta kenninguna um óvænt skipulag (*e.planned happenstance*) sé hægt að aðstoða þá við að komast í gegnum hindranir sem verða á vegi þeirra við að breyta um námsleið.

4.2 Félagsleg tengsl: Skuldbinding gagnvart náminu

Í rannsókninni var ekki hægt að sjá að það væru bein tengsl á milli þess hvernig þátttakendum leið í grunnskóla og hvernig þeim gekk námslega. Þó er hægt að sjá tengsl á milli þess hvernig þeim leið í grunnskóla og hvernig þeim leið félagslega í framhaldsskóla. Mörg þeirra sem höfðu lítil eða léleg félagsleg tengsl í grunnskóla höfðu einnig lítil eða léleg tengsl við félagana í framhaldsskóla og að sama skapi var samræmi á milli góðra félagslegra tengsla í grunnskóla og góðra félagslegra tengsla í framhaldsskóla. Áslaug og Berglind eru þó undantekningar á þessu því Áslaug átti léleg félagsleg tengsl í grunnskóla en góð í framhaldsskóla en Berglind átti góð félagsleg tengsl í grunnskóla en léleg í framhaldsskóla. Það er þó greinilegt að félagsleg tengsl skipta þátttakendum gríðarlega miklu máli þegar kemur að skuldbindingu gagnvart náminu. Þrír af átta þátttakendum eignuðust ekki féлага í fyrra námi og hættu án þess að klára. Fimm af átta þátttakendum töluðu um að góð félagatengsl hafi verið til þess að þeir voru jafn lengi í náminu og raun bar vitni.

Það virðast vera bein tengsl á milli skuldbindingar gagnvart náminu og félagatengsla í viðkomandi námi. Þeir nemendur sem áttu góð félagsleg tengsl í bóknáminu náðu að minnsta kosti lágmarksnámsárangri til að geta haldið áfram námi í viðkomandi skóla. Það kom fram hjá öllum að samband væru á milli félagatengsla í framhaldsskóla og hvernig þeim leið í viðkomandi námi. Þess má hins vegar geta að Berglind er sú eina af þeim sem var mjög jákvæð gagnvart allri grunnskólagöngu sinni en þar átti hún mjög góð félagatengsl. Rannsóknir hafa sýnt að félagsleg tenging við framhaldsskólann getur átt við tengsl við félagana, stofnunina sem slíka, þátttöku í viðburðum á vegum skólans og trú á skólann sem fyrirbæri (Rumberger og Lim, 2008). Samkvæmt því hefðu líkurnar á að Elli myndi klára fyrra nám aukist verulega ef hann hefði haft einhverja af þessum tengingum.

Þátttakendur í rannsókninni fóru allir í nám strax að loknum grunnskóla nema Dabbi sem frestaði framhaldsskólagöngu sinni um tvö ár sökum aðstæðna heima fyrir. Rætt var við þátttakendur um ástæðuna fyrir því hvers vegna fyrra nám var valið og hvað eða hverjir höfðu áhrif á valið. Misjafnar ástæður voru fyrir því hvers vegna þátttakendur völdu það bóknám sem þeir völdu. Öllum fannst mikilvægt að fara í nám að loknum grunnskóla en voru ekki búnir að ákveða hvað þeir hyggðust gera við að loknum framhaldsskóla nema einn sem ætlaði að klára stúdentspróf og fara svo í starfsnám. Foreldrar allra hvöttu þátttakendur til náms og virtust styðja við bakið á þeim þegar þeir fóru að missa tókin á bóknáminu. Við úrvinnslu

gagna kom í ljós að félagatengsl virtust hafa áhrif á skuldbindingu gagnvart náminu, það er að segja, góð félagatengsl höfðu áhrif á það hvort þátttakendur þraukuðu lengur í námi sem þau höfðu lítinn eða engan áhuga á og lítil eða engin félagatengsl höfðu áhrif á það að þátttakendur hættu í námi sem þeim fannst alveg þolanlegt.

Líklegt er að með auknu upplýsingastreymi, fleiri möguleikum í atvinnu og auknu námsframboði eigi þátttakendur í rannsókninni erfiðara með að skipuleggja náms- og starfsferil sinn (Mitchell, Levin & Krumboltz, 1999). Einnig velti Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (1995) því fyrir sér hvort draga megi úr skiptum milli námsbrauta með því að undirbúa nemendur betur fyrir valið með aukinni náms- og starfsfræðslu. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er mjög mikilvægt þegar kemur að því að styðja nemendur í því að átta sig á öllum þeim möguleikum sem eru fyrir hendi þegar kemur að náms- og starfsvali til að valið geti verið sem farsælast (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2005; Sharf, 2010). Ég tel að með því að efla veg náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum mætti kynna starfs- og verknám betur fyrir æsku landsins þannig að hún líti á það sem raunverulegan valkost en til þess þarf líka að eiga sér stað hugarfarsbreyting í samfélaginu.

Lokaorð

Þegar meginniðurstöður þessarar rannsóknar eru dregnar saman kemur fram að þegar nemendur velja sér framhaldsnám virðist námsvalið lítt ígrundað. Þegar nemendur komast ekki inn í þann skóla sem þeir sækjast eftir í fyrsta vali er líklegt að það dragi úr þeim kjark því höfnun getur reynst mörgum erfið. Eins og fram kom í niðurstöðum virðist sem orðspor og vinsældir skólanna stýri nokkru um námsvalið.

Fram kom í rannsókn Kristjönu Stellu Blöndal og Jóns Torfa Jónssonar (2002) að rúmlega helmingur þeirra sem lauk prófi í verkgreinum, skipti um námsbraut í framhaldsskóla sem er mun hærra hlutfall heldur en meðal þeirra sem kláruðu stúdentspróf. Nokkrir þátttakenda í rannsókninni höfðu orð á því að þeir töldu mikilvægt að klára stúdentspróf til að eiga aukna möguleika á starfi í framtíðinni.

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru að miklu leyti svipaðar niðurstöðum fyrri rannsókna þar sem fram kemur að áhugaleysi skýrir brotthvarf að miklu leyti og oft er námsval nemenda úr 10. bekk ekki mjög ígrundað sem. Þetta leiðir til þessað nemendur eiga það til að velja sér nám sem þeir hafa lítinn eða engan áhuga á. Það sem kom helst á óvart var hversu stóran þátt félagslegi þátturinn hefur varðandi skuldbindingu til náms. Til dæmis í lengdust sumir þátttakenda í námi sem þeir höfðu lítinn eða engan áhuga á, því þeim leið vel félagslega í skólanum. Á meðan flosnuðu aðrir upp úr námi því þeir eignuðust ekki félagi í skólanum. Það má samt segja að helstu takmarkanirnar sem felast í rannsókninni eru að einungis er rætt við átta einstaklinga en auk þess er ekki hægt að alhæfa um niðurstöður eigindlegra rannsókna. Ekki er heldur hægt að heimfæra niðurstöðurnar á alla framhaldsskólanema, þó hugsanlega sé hægt að heimfæra þær á nemendur sem eru í svipaðri stöðu eða með svipaðan bakgrunn.

Fróðlegt væri að gera rannsókn þar sem skoðuð væru enn frekar áhrif félagslegra tengsla á skuldbindingu gagnvart námi. Með niðurstöðum úr slíkri rannsókn væri hægt að gera áætlun um hvernig finna megi leiðir til að auka líkurnar á því að nemendur geti myndað félagsleg tengsl í tengslum við skólagöngu sína. Þær aðgerðir gætu hugsanlega dregið úr brotthvarfi úr námi ef vel væri að þeim staðið.

Niðurstöður þessarar rannsóknar ættu að geta nýst náms- og starfsráðgjöfum í grunn- og framhaldsskólum, til dæmis með því að brýna fyrir nemendum mikilvægi þess að velja framhaldsnám út frá áhugasviði, hvetja þá til að leggja sig fram við að eignast félagi í náminu og tengjast skólanum sínum í gegnum félagsstarf. Eins og fram kom í inngangi hafði um helmingur þeirra nemenda sem var að hefja nám í framhaldsskóla 2007 meiri áhuga á

verklegum greinum en bóklegum í grunnskóla (Forsætisráðuneytið, 2012). Þetta bendir til þess að ef nemendur sem eru að hefja framhaldsskólagöngu velja eftir áhugasviði sínu eykst vegur starfsmenntunar á Íslandi. Það má segja að lokaorðin hér séu verðug skilaboð frá einum þátttakenda um mikilvægi þess að hver og einn ígrundi námsval sitt og velji það sem hugurinn stendur til: „*Mér fannst þetta æði, mér fannst gífurlegur munur að læra það sem ég hafði áhuga á*“.

Heimildir

- Ágústa Björnsdóttir. (2008). *Í framhaldsskóla á ný eftir brotthvarf* (óbirt MA-rigerð). Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild.
- Baldur Gíslason. (2006). Framhaldsskólinn, er breytinga þörf? *Uppeldi og menntun: Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 15(1), 119 - 124.
- Charmaz, K. (2006). *Constructing grounded theory: A practical guide through qualitative analysis*. London: Sage Publication.
- Driver, R. (1982). Piaget and science education: A stage of decision. Í S. Modgil og C. Modgil (ritstj.), *Jean Piaget: Consensus and controversy*. (bls. 351-363). Suffolk: The Lavenham Press Ltd.
- Ennis, R. (1982). Children's ability to handle Piaget's propositional. Í S. Modgil og C. Modgil (ritstj.) *Jean Piaget: Consensus and controversy*. (bls. 101-130). Suffolk: The Lavenham Press Ltd.
- Eydís Katla Guðmundsdóttir. (2012). *Þróun náms- og starfsferils þátttakenda í Grunnmenntaskólanum* (óbirt MA-rigerð). Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild.
- Forsætisráðuneytið. (2012). *Allir stundi nám og vinnu við sitt hæfi: Tillögur um samþættingu menntunar og atvinnu: Nóvember 2012*.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga: frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gestur Guðmundsson. (1993). *Þróun starfsmenntunar á framhaldsskólastigi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið og Samment.
- Gottfredson, L. S. (2002). Gottfredson's theory of circumscription, compromise, and self-creation. Í D. Brown (ritstjóri), *Career choice and development* (4. útgáfa, bls. 85–148). New York: Jossey Bass.
- Gottfredson, L. S. (2005). Applying Gottfredson's theory of circumscription and compromise in career guidance and counseling. Í S.D. Brown og R.W. Lent (ritstj.), *Career development and counseling: Putting theory and research to work* (bls. 71 - 100). Hoboken, NJ: John Wiley and Sons.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (1995). Fræðsla um nám og störf í grunnskólum. Í Friðrik H. Jónsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 251-266). Reykjavík: Félagsvísindadeild.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2000). Skilar náms- og starfsfræðsla árangri: Árangurs mat á náms- og starfsfræðslu í 10. bekk grunnskóla. *Uppeldi og menntun: Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 9(1), 37-54.

- Hagstofa Íslands. (2013). Skráðir nemendur á framhalds- og viðbótarstigi eftir skólum, tegund náms 2007-2011. Sótt 15.apríl 2013 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=2604&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/arval.asp?ma=SKO03101%26ti=Skr%E1%F0ir+nemendur+%E1+framhalds%2D+og+vi%F0b%F3tarstigi+eftir+sk%F3lum%2C+tegund+n%E1ms+2007%2D2011+++++%26path=../Database/skolamal/fsNemendur/%26lang=3%26units=Fjöldi>
- Helgi Skúli Kjartansson. (2008). Fræðslulögin í framkvæmd. Í Loftur Guttormsson (ritstj.). *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*. Seinna bindi (bls.75-156). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hennink, M., Hutter, I. og Bailey, A. (2011). *Qualitative research methods*. London: Sage publication Ltd.
- Holland, John L. (1966). *The psychology of vocational choice*. BNA: Blaisdell publishing company.
- Hulda Karen Ólafsdóttir. (2012). *Brotthvarf og aftur í nám* (óbirt MA-ritgerð). Háskóli Íslands: Menntavísindasvið.
- Isaacson, L.E. og Brown, D. (2000). *Career information, career counseling, and career development* (7.útg.). Needham Heights, MA: A Pearson Education Company.
- Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (1991). *Námsferill í framhaldsskóla*. Háskóli Íslands: Félagsvísindastofnun.
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn: Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson. (2008). Samræmdur framhaldsskóli í mótun. Í Loftur Guttormsson (ritstj.). *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*. Fyrri bindi (bls.75-156). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Tannhauser, A-C. (2011). Dropout in a small society: Is the Icelandic case somehow different? Í Lamb, S., Markussen, E., Teese, R., Sandber, N. og Polesel, J. (ritstj.), *School dropout and completion; International comparative studies in theory and policy* (bls. 233-252). London, New York: Springer science and business media.
- Krumboltz, J.D. (2009). The happenstance learning theory. *Journal of career assessment*, 17(2) (2209): 135-154. Í (ritstj.) Kerr Inkson & Mark L. Savickas (2013). *Career Studies* (Volume 4). GB: SAGE Publications Ltd.
- Kuijpers, M., Meijers, F. og Gundy, C. (2011). The relationship between learning environment and career competencies of students in vocational education. *Journal of Vocational behavior*, 78(1), 21-30. doi:10.1016/j.jvb.2010.05.005
- Lög um framhaldsskóla. Sótt 28. apríl 2013 af <http://www.althingi.is/lagas/137/2008092.html>

- Markussen, E. og Sandberg, N. (2004). *Bortvalg og prestasjoner*. Oslo: NIFU.
- Markussen, E. og Sandberg, N. (2005). *Stayere, slutttere og returnere*. Oslo: NIFU STEP.
- Mitchell, K.E., Levin, A.S. og Krumboltz, J.D. (1999). Planned happenstance: Constructiong unexpected career opportunities. *Journal of counseling and development*, 77(2), 115-124.
- OECD-Iceland improving schools review. (2012). Towards a strategy to prevent dropout in Iceland. Result of the OECD-Iceland workshop preventing dropout in upper secondary schools in Iceland.* (Reykjavik, Iceland, November 2011). Sótt 23. febrúar 2013 af <http://www.oecd.org/iceland/49451462.pdf>
- OECD (2011). Education at a glance. OECD indicators.
- Rumberger, R.W. og Lim, S.A. (2008). *Why students drop out of school: A review of 25 years of research*. Santa Barbara: University of California.
- Santrock, J.W. (2007). *Adolescence* (11. útg.). New York: McGraw Hill.
- Sharf, R.S. (2010). *Applying Career development theory to counseling*. Belmont, CA: Brooks/Cole.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2005). *Brotthvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldra*. Tímarit um menntarannsóknir. 2. 11-23.
- Silverman, D. (2010). *Doing qualitative research: a practical handbook* (3. útg.). London: SAGE.
- Super, D. E. (1990). A Life-Span, Life-Space Approach to Career Development. Í Brown, S. D. og Brooks, L. (ritstj.), *Career Choice and Development: Applying Contemporary Theories to Practice* (2. útgáfa, bls. 197–261). San Francisco: Jossey-Bass.
- Svanfríður Jónasdóttir. (2006). Framhaldsskólinn hefur brugðist of mörgum. *Uppeldi og menntun: Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 15(1), 107-111.

Fylgiskjal 1

Skipt um nám Rannsókn á námsvali og breyttu viðhorfi

Markmið- Rannsóknin beinist að

- nemendum í starfsnámi sem hafa áður verið í bóknámi
- reynslu af fyrra námi og hvers vegna það var valið
- reynslu af seinna námi og hvers vegna það var valið
- hvaða þættir og hvaða manneskjur hafa áhrif á námsval
- tilgangurinn er að kanna hvort hægt er að hvetja ungmenni til að velja sér starfsnám fyrir á ferlinum
- nemendum sem orðnir eru 18 ára

Inngangur- upphaf viðtals

Kynna sig og rannsóknina. Gera grein fyrir trúnaði, nafnleynd, lengd viðtals, meðferð gagna og fá leyfi til að hljóðrita viðtalið.

1. Núverandi aðstæður

- Aldur
- Fjölskyldusaðstæður
- Búseta
- Skóli/atvinna

2. Barnæska, uppvöxtur og fjölskyldubakgrunnur

- Hvar er viðkomandi fædd/ur
- Uppeldisaðstæður
- Samsetning fjölskyldu
- Menntun/starf foreldra
- Tengsl við fullorðna í æsku, fyrirmyndir.

3. Skólaganga/ menntun

- Grunnskóli
- Framhaldsskóli
- Námsbraut
- Kennarar-fyrirmyndir-eftirminnilegir

Hvaðan koma hugmyndir um nám? Hvað veldur vali á tilteknu námi?

4. Atvinna-með námi.

Samstarfsfólk-fyrirmyndir-eftirminnilegt

Áhrif atvinnu á nám

5. Vinir og félagatengsl

Vinir í barnæsku og uppvexti. Fyrirmyndir sem tengjast þeim. Störfmenntun.

Margir vinir-fáir. Hversu nánir?

6. Önnur félagstengsl

Tómstundir

Íþróttir

Fyrirmyndir-þjálfarar/ leiðtogar/ aðrir

7. Sjálfsmynd

Í æsku/ uppvexti

Núna

Hvar sérðu þig eftir 10 ár?

Mynd annarra af viðmælanda fyrr og nú.

Hvað hafði áhrif á námsval fyrst.

Hvað hafði áhrif á breytingu?

8. Að lokum

Spyrja hvort viðmælanda liggi eitthvað á hjarta og vilji bæta við.

Finnst henni/honum hafa gleymst að spyrja um eitthvað?

Ítreka trúnað og nafnleynd

Biðja um leyfi til að hafa samband aftur ef eitthvað kemur upp á eða hefur gleymst

Þakka fyrir viðtalið